ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

# Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTA-LENÍNISTA 1. tbl. 5. árg 1976.

Verð kr. 70

**100,04 % aukning áskrifta 1975!**

## Sameining Víetnam



**Börnin dansa í Hanoi. Hendurnar tákna samruna hinna "tveggja" Víetnama.**

Síðan í apríllok 1975 hefur víetnamska alþýðan unnið af kappi við enduruppbygginguu lands síns, sem leit hroðalega út eftir hina löngu frelsisstyrjöld. Geysileg landssvæði hafa verið hreinsuð af jarðsprengjum og gígar hafa verið fylltir og þannig hefur ræktanlegt land margfaldast. Verksmiðjurnar hafa aftur tekið til starfa og lífið hefur smám saman öðlast eðlilegan gang í hinni fyrri höfuðborg USA-leppanna, Saigon, sem nú heitir Ho Chi Minh-borgin. Með Genfar-sáttmálanum um Víetnam, sem haldinn var 1954, var ákveðið að halda skyldi kosningar í öllu landinu innan eins árs, svo að íbúar þess mættu ráða sjálfir um framtíð sína. Sem kunnugt er hindruðu bandarísku heimsvaldasinnarnir framkvæmd þessara kosninga og komu í veg fyrir almennar kosningar og sameiningu landsins um 20 ára skeið. En eftir að alþýðan hefur sigrast á heimsvaldasinnunum blasir við verkefnið að sameina landið aftur og ákvörðun þar að lútandi var tekin á ráðstefnu sem haldin var í Ho Chi Minh-borg þann 6. nóvember 1975.

### Almennar kosningar verða haldnar

Á ráðstefnu þessari, sem mörg samtök stóðu að, var eftirfarandi ályktun samþykkt: "Miðstjórn Þjóðfrelsisfylkingarinnar, miðstjórn samtaka þjóðlegra, lýðræðissinnaðra og friðarafla í S-Víetnam, Bráðabirgðastjórn Lýðveldisins S-Víetnam, Ráðgefandi ráð bráðabirgðastjórnarinnar, ásamt fulltrúum lýðræðissinnaðra og þjóðhollra einstaklinga og menntamanna, héldu útvíkkaðan fund þann 5. og 6. nóvember 1975 í Ho Chi Minh-borg.

Fundarmenn hlýddu á skýrslu Ngyuen Huu Tho um pólitíkina og aðgerðirnar til þess að framkvæma þjóðlega sameiningu á sviði ríkisvaldsins, en hún miðast við að flýta fyrir sameiningu ættjarðarinnar og þróun alls landsins í átt til sósíalisma, í samræmi við óskir íbúanna. Eftir umræður, samþykkti fundurinn einróma skýrsluna og tillögur þær, sem Ngyuen Huu Tho formaður lagði fram og ákvað að velja fulltrúanefnd fyrir S-Víetnam, til að eiga viðræður við fulltrúanefnd frá N-Víetnam, í þeim tilgangi að hefja virkan undirbúning að almennum kosningum í landinu öllu, og til að velja þjóðþing og leiðandi ríkisstofnanir fyrir sameinað Víetnam."

Fundur þessi er án efa eitt mikilvægasta skref, sem stigið hefur verið í átt að algerri sameiningu og sýnir ljóslega þann lýðræðislega grundvöll, sem starf Bráðabirgðastjórn-


Alþýðubankamálið

## Einokunarhringarnir allsráðandi

Rvík, 13/1. Sviptingarnar í kringum ferðaskrifstofuna Sunnu hafa óhjákvæmilega leitt huga manna að vexti einokunarfyrirtækisins Flugleiða og tengslum þess við ríkisvaldið og bankakerfið. Baráttan gegn Air Viking og Sunnu er aðeins einn þáttur af mörgum - Flugleiðir hafa víðar komið við í viðleitninni til að koma einokuninni á svið flugs og ferðamála. Hinir svokölluðu frjálsu viðskiptahættir, sem eiga sér nú aðeins öruggt athvarf í hástemmdum yfirlýsingum Sjálfstæðisflokksins, hafa vikið fyrir aðgerðum sem miða að því að ná einokun. Og slík þróun hefur ekki aðeins orðið í fluginu, gjörvallt efnahags- og atvinnulíf á Íslandi er komið undir stjórn fárra, voldugra einokunarauðherra sem stjórna ljóst og leynt jafnt sjávarútvegi sem ferðamálum. Allir þræðirnir liggja um fárra hendur, bankakerfið sem og ráðuneytin eru undir yfirráðum einokunarauðvaldsins, og starfa beint að framkvæmd á veldi þeirra. Þrátt fyrir "lýðræðislegar" **kosningar með vissu millibili verður** engin breyting hér á - borgaralegu stjórnmálaflokkarnir eru einnig tæki til viðhalds á völdum einokunarauðvaldsins. Flokkakerfið sér um að til vegs og virðingar (þ.e. í vænleg framboð og embætti) komast aðeins þeir sem hafa svarið auðvaldsþjóðfélaginu ævarandi tryggð. Þar af leiðandi veljast í ráðuneytin og bankastjórnir forystumenn sem hafa á þúsund vegu beinan og óbeinan hag af þessu kerfi. Nægir að nefna menn eins og Geir Hallgrímsson (sem er einn af stórkapitalistum þessa lands) og Halldór E. (hann á a.m.k. verksmiðju). Bankastjórarnir eru ekki afskiptir í kaupi og kjörum eins og alþjóð veit. Því er einnig svo farið með ráðherrana, launin og fríðindin eru langt fyrir ofan afrakstur hins venjulega launamanns. Sumir af þessum æðstu embættismönnum einokunarauðvaldsins sameina það að vera bæði bankastjóri og ráðherra dæmi um það eru Einar Ágústsson (Samvinnubankinn) og Matthías Mathísen (Sparisjóður Hafnarfj.). Það **sem þeir síðan bera úr býtum trygg**ir að þeir hætta engu, þ.e. eru dyggir einokunarauðvaldinu. Æðstu toppar ASÍ koma einnig við sögu - sem mútuþegar og bitlingasnapar. Uppskeran í launum gerir þeim kleyft að aka um í bílum sem eingöngu kapitalistar og æðri embættismenn geta leyft sér. Nokkur dæmi um þessa "verkalýðsforingja" sem svo hátt hreykja sér eru Björn Jónsson, en hann hefur hlotið ráðherralaun og fríðindi samkvæmt því, og ekki hafa laun hans sem toppmanns ASÍ verið skorin við nögl. Annað dæmi er Hermann Guðmundsson, formaður Hlífar, hann starfar hjá íþróttahreyfingunni og situr í bankaráði Alþýðubankans. Guðmundur H. Garðarsson, formaður Verslunarmannafélags Rvíkur, er enn einn miðstjórnarmaður ASÍ sem þiggur feit laun fyrir þjónustu sína við íslenska einokunarauðvaldið. Hann hefur verið blaðafulltrúi Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna, og einnig situr hann í bankaráði Verslunarbankans.

Tvær meginfylkingar

frh. bls. 5



**Hér sitja æðstu menn Flugleiða. Samruni bankafjármagnsins og iðnaðarfjármagnsins hefur leitt af sér fjármálafáveldi á Íslandi.** Einokunarherrarnir hafa undirtökin í efnahagslífinu.

CHOU EN-LAI

## Verk hans lifa




## Umsvif ASÍ toppanna brask og bruðl með fé verkafólks

Eftir að upp komst um mál Alþýðubankans hafa augu sumra beinst að þætti ASÍ-forystunnar í þessu máli. Það hefur sem sé komið í ljós að bankinn sem ber hið stolta nafn - Alþýðubankinn - hefur ekki borið það með réttu. Lánastefna bankastjórnarinnar, - og bankaráðsins - hefur einkennst af því að langstærsti hluti lána fer til einkareksturs nokkurra auðherra. Nægir að benda á Guðna í Sunnu, Pál Pálsson, sem er forstjóri Háskólahappdrættisins og talinn stór eignaraðili að Dagblaðinu, og fyrirtækið Cudogler. Alþýðusamband Íslands er stofnandi Alþýðubankans og meðal stjórnenda hans eru æðstu forystumenn ASÍ. Rekstur bankans er því undir umsjá ASÍ-toppanna og viðbrögð þeirra þegar blása tók í kringum hann sanna það. Björn Jónsson lýsti því m.a. yfir að ASÍ myndi hlaupa undir bagga með litlum 60 milljónum sem fengnar yrðu úr sjóðum verkalýðsfélaganna. Þetta er afstaða þessara manna; fyrst reka þeir bankann þvert gegn hagsmunum alþýðunnar - sem reksturinn er kenndur við, og svo hyggjast þeir seilast í sjóði verkalýðsfélaganna til að "bæta" fyrir afglöp sín.

Það er þröngur hópur manna sem ráðskast með fé Alþýðsambands Íslands - og það er þessi sami þröngi hópur sem skipar sjálfan sig, sitt á hvað, í hin ýmsu embætti á vegum fyrirtækja ASÍ. Alþýðubankinn er ekki eina fyrirtækið sem þessi klíka ráðstafar, t.d. er ferðaskrifstofan Landsýn-Alþýðuorlof undir stjórn þeirra. Brask og bruðl þeirra með fé verkalýðshreyfingarinnar kemur til með að halda áfram þar til verkafólkið tekur sjálft í taumana. Nú eru toppar ASÍ með það á prjónunum að stofna s.k. stórmarkað með KRON. Þeir lýsa því stoltir yfir að slíkt fyrirtæki yrði mikil kjarabót fyrir verkalýðinn - hvernig svo sem það má verða að verslun inn við Sundahöfn sé kjarabót fyrir verkafólk í vesturhluta Reykjavíkur eða Breiðholti. En auðvitað er það fyrst og fremst kjarabót fyrir forystuklíkuna hjá ASÍ, sem getur þá deilt með sér fleiri feitum stjórnarstólum.

## Gerum Stéttabaráttuna að hálfsmánaðarblaði




STÉTTABARÁTTAN 1. tbl. 5. árg.
30. 12. 1975.

Útg.: Kommúnistasamtökin m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út mánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Reykjavík.
Sími: 27810.
Gírónr.: 27810.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.


# ÍSLAND ÚR NATO! HERINN BURT!

Í kjölfar þess að bresk herskip hafa ráðist á íslensk varðskip á hafinu umhverfis landið hafa vaknað umræður um dvöl svokallaðs varnarliðs hér á landi og einnig aðild Íslands að NATO. Æ fleiri hallast að þeirri skoðun að eitthvað sé bogið við varnarlið sem lætur ógert að verja landið fyrir árás. Og andstaðan gegn NATO-aðildinni vex. Flokkur Geirs Hallgrímssonar, sem stóð að baki undirskriftaherferð undir kjörorðinu "Varið land", hefur reynt eftir megni að berjast gegn því að fólk setji spurningarmerki við dvöl hersins og veruna í NATO.

Morgunblaðið reynir að flækja málið og hefur haldið því fram að landhelgismálið væri NATO alls óskylt og að herinn þarafleiðandi ekki skyldugur til að stugga við bretum. Fólkinu sem skrifaði upp á lista landvarnarpostulanna er nú boðið upp á þá skýringu að landið sé aðeins varið gegn vissum aðilum - en alls ekki svokölluðum bandamönnum innan margrómaðs varnarbandalags. Hvað á fólk nú að hugsa? Á það að álykta sem svo að landhelgismálið, og þeir hagsmunir sem eru þar í veði, sé minniháttar atriði og hverfi í skuggann fyrir verunni í NATO? Eða þá að það sé ekkert athugavert við varnarbandalag sem býður upp á slíka bandamenn sem þá eru að reyna að myrða íslendinga á hafinu umhverfis landið?

Ætlast Geir Hallgrímsson til þess að tveir og tveir séu lagðir saman og útkoman verði fimm?

En hvernig sem Morgunblaðið snýr málunum og reynir að leiða umræðuna frá kjarna þess þá verður æ fleirum ljóst að hagsmunir yfirgnæfandi meirihluta íslendinga eru andstæðir NATO-aðildinni. Herferð "Varins lands" hefur nú afhjúpast sem blekking í þágu þeirra sem græða á veru hersins hér. Og það er einmitt gróðasóknin sem stýrir gerðum borgarastéttarinnar í þessu máli sem öðrum - Geir Hallgrímsson er reiðubúinn til að selja hagsmuni íslenskrar alþýðu fyrir skammtíma gróðasjónarmið sín.

21/1



## FRÁ RITSTJÓRN
## EFLUM STÉTTABARÁTTUNA

Það er augljóst mál að STÉTTABARÁTTAN verður aldrei betra blað ef aðstandendur hennar standa sig ekki í stykkinu. Aðstandendur eru fleiri en þeir sem sitja í ritnefndinni - hver og einn lesandi telst til þeirra sem gera útgáfuna mögulega. Og til þess að bæta blaðið verða lesendur að skrifa í blaðið - þannig verður blaðið betur hluti af þeirr byltingarhreyfingu sem vex í landinu. Það er ekki nauðsynlegt að skribentar sendi greinar sem kryfja hlutina til mergjar í löngu máli - stuttar athugasemdir og ábendingar geta komið að miklu gagni við að gera blaðið fjölbreyttara og innihaldsríkara. Ef þú rekst t.d. á einhverja blaðagrein sem þú álítur eftirtektarverða (t.d. margs konar dæmi um svívirðu auðvaldsþjóðfélagsins) þá skaltu skrifa þínar athugasemdir, klippa út greinina og senda til STÉTTABARÁTTUNNAR (tæplega eru allir sammála öllu sem birtist) o.fl., o.fl.

Grípið stílvopnið!

## Áskriftasöfnun

Á síðastliðnu ári tókst okkur að fjölga áskrifendum STÉTTABARÁTTUNNAR um ríflega helming.

Lokaniðurstaðan varð 100,04% aukning. Þessi frábæri árangur hefur fært okkur nær því marki að gera blaðið að hálfsmánaðarblaði - en það vantar enn herslumuninn. Ritstjórn hefur því ákveðið að hleypa af stokkunum nýrri sókn til þess að tryggja útkomu hálfsmánaðarblaðsins - nú er takmarkið að ná 200 nýjum og skilvísum áskrifendum. Í næsta tölublaði birtum við línurit fyrir þá sókn Línuritið verður þannig gert að það sýnir jafnóðum hvernig hinir ýmsu landshlutar standa sig í baráttunni fyrir hálfsmánaðarblaðinu. Ritstjórn mun úthluta ákveðinni tölu til allra deilda og hópa - þannig verður efnt til keppni um það hverjir verða fyrstir til að uppfylla sinn skammt.

Nú þegar ættu allir velunnarar STÉTTABARÁTTUNNAR að hefja undirbúning -sendið inn pantanir á söfnunarblokkum og plakötum strax.

## Hvernig kemstu í samband við KSML

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357, Reykjavík, einnig í síma 27810.
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15 Reykjavík, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650 Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupstaður: Stuðningsdeild KSML c/o Peter Ridgwell Miðhúsum.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Skólabraut 10, Hellissandi.
Eiðar, S-Múl.: Stefán Jóhannsson.

Hvar geturðu keypt STÉTTABARÁTTUNA?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.
Bóksala stúdenta í Félagsstofnuninni v/ Hringbraut.
Einnig fæst blaðið nú í mörgum söluturnum.
Suðurnes: Umboðsm. Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir umboðsm., Vitastíg 3.
Vestmannaeyjar: Umboðsm. Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugsgerði.
Laugarvatn: Umboðsmaður þar er Arnór Sighvatsson Menntaskólanum.

VESTURLAND:
Hellissandur: Umboðsm. Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

NORÐURLAND:
Akureyri: Umboðsm. Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23.
Siglufjörður: Söluturninn, Aðalgötu selur Stéttabaráttuna og Rauða fánann.
Húsavík: Umboðsm. Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.
Sauðárkrókur: Umboðsm. Einar Helgason, Víðigrund 6 (3. hæð).

AUSTURLAND:
Borgarfjörður eystri: Umboðsm. Guðrún Steingrímsdóttir.
Neskaupstaður: Umboðsm. Peter Ridgewell, Miðhúsum.
Eiðar: Umboðsm. Stefán Jóhannsson.

Íslenskir námsmenn erlendis:

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:
Bergen: Umboðsm. er Guðmundur Sæmundsson A - 226 Fantoft Studentby, 5036 Fantoft.
Oslo: Katrín H. Andrésdóttir, Steimgrimsvei 15, Oslo II.
ÞJÓÐ:
ckhólmur: Umboðsm. er Magnús Sæmundsson, Sandstensvägen 89, 136 51 Handen.
Lundur: Jón Rúnar Sveinsson, Kämnärsvägen 5 D: 218 222 46 Lund.

DANMÖRK:
Århus: Umboðsm. er Magnús Þorgrímsson, Börglum Kolligiet v 444 Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

Félagar áskrifendur.
Nú fer hver að verða síðastur til að borga áskriftina fyrir STÉTTABARÁTTUNA 1975. Enn eru nokkrir sem hafa trassað skil. Borgið inn á gíró 27810 sem fyrst.
Venjuleg áskrift kr. 600,-
Stuðningsáskrift - 800,-
Baráttuáskrift - 1000,-




Kaupið Söngbók verkalýðsins. Fæst í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15.

# Lokun herstöðvanna

Hér fyrir neðan er stuðningsyfirlýsing miðstjórnar KSML sem var afhent sjómönnum er stóðu vörð við vegartálmunina að bandarísku radarstöðinni í Grindavík:

Miðstjórn Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna lýsir yfir stuðningi við þær aðgerðir sem grindvíkingar hafa framkvæmt við radarstöð NATO.

Hvatinn að þessum aðgerðum er réttmæt andstaða gegn innrás bresku NATO-herskipanna inn á íslenskt yfirráðasvæði og ofbeldi þeirra gegn íslendingum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessi floti ræðst gegn íslendingum. Tilgangurinn hefur alltaf verið sá sami, að reyna að kúga íslendinga til uppgjafar þegar þeir freista þess að framfylgja lífshagsmunum sínu.

Tengsl breska flotans við NATO eru ótvíræð - hann er skipulagður sem hluti af hernaðarvél þessa "varnarbandalags". Nú stendur það til hjá ríkisstjórninni að leita til yfirstjórnar NATO og fá hana til að **miðla málum í deilu íslendinga og** breta. En reynslan frá undangengnum "þorskastríðum" og síendurteknar innrásir breta sýna að málamiðlun með milligöngu NATO hefur engan annan tilgang en að sætta íslendinga við málalok sem eru þeim í óhag.

Það er von okkar að þeir atburðir sem hafa að undanförnu gerst á hafinu við Ísland verði til þess að fleiri vakni til vitundar um það að vera Íslands í NATO er andstæð hagsmunum yfirgnæfandi meirihluta íslensku þjóðarinnar.

Um leið og við sendum grindvíkingum baráttukveðjur hvetjum við þá til að halda aðgerðunum áfram gegn radarstöðvum, sem eru upplýsingamiðlar fyrir breska flotann, því þær geta átt þátt í því að vekja almenning til meðvitundar um hið sanna eðli NATO.

Miðstjórn Kommúnistasamtakanna **marxistanna-lenínistanna.**




**Myndin sýnir bílana sem lokuðu veginum að Rockeville-herstöðinni á Reykjanesi.**

FRH. AF BLS. 5

### Einokunar...

sínum tíma fram á mjög víðtæka samvinnu við ASÍ. 1970 lagði Erlendur Einarsson forstjóri fram níuliða tillögu um samstarf ASÍ og SÍS. Meðal annars fól tillagan í sér sameiningu Samvinnubankans og Alþýðubankans og stofnun sameiginlegrar ferðaskrifstofu SÍS/ASÍ. En ASÍ fór sínar eigin leiðir og keypti ferðaskrifstofuna Landsýn (Alþýðuorlof) án þess að ráðfæra sig meira við SÍS. Alþýðuorlof verslar við Air Viking og Alþýðubankinn er aðalviðskiptabanki Sunnu.

Guðni í Sunnu telur að "rannsaka verði hvort Seðlabankinn hafi beitt Alþýðubankanum, bankaráði og stjórn ASÍ þvingunum til að fá fram aðgerðir gegn Air Viking" (úr greinargerð G.Þ. um þetta mál, birt í Mbl.). Hann álítur að ASÍ-forystan, sem nýlega fjölmennti til Kanaríeyja í boði Alþýðuorlofs og Air Viking, hafi verið beitt þvingunum og þjarmað hafi verið að Alþýðubankanum. Vissulega myndi það kæta SÍS-herrana sem telja sig vera fulltrúa "félagsmálahreyfingar", ef Alþýðubankinn, Alþýðuorlof og ASÍ-forystan fengju á baukinn - þar með gæti Samvinnubankinn og nýstofnuð ferðaskrifstofa SÍS aukið umsvif sín.

En málin eru enn óútkljáð - Halldór E. hefur neyðst til að afturkalla lokun Sunnu og Flugleiðaforstjórarnir héldu sérstakan blaðamannafund til þess að lýsa því yfir að allt væri með felldu.

-/HH


# Rauða Stjarnan Bókabúð

RAUÐA STJARNAN selur bækur og blöð sem fjalla um málefni verkalýðsins íslenskar, enskar, danskar, sænskar, kínverskar (á ensku), albanskar (á ensku), bækur á viðráðanlegu verði.
Einnig seljum við hljómplötur og plaköt.
Komið skoðið og kaupið.

Sendum í póstkröfu um allt land.

Skrifið til RS pósthólf 1357 R.

Opið virka daga frá 15.00-18.30

Rauða Stjarnan Bókabúð

Lindargötu 15 Reykjarvík

# Baráttuhópur verkamanna í Straumsvík

Í september s.l. var myndaður í álverksmiðjunni í Straumsvík baráttuhópur verkamanna. Baráttuhópur þessi starfar í sama anda og Baráttusamtök verkafólks, nema hvað sérstakur starfsvettvangur hans er að sjálfsögðu vinnustaðurinn. Um formlega aðild að baráttuhópnum er ekki að ræða, en öllum verkamönnum á staðnum, ófaglærðum sem faglærðum, er velkomið að taka þátt í honum. Í stuttu máli má orða hlutverk baráttuhópsins í Straumsvík þannig, að hann berjist fyrir sérhverju hagsmunamáli verkafólks í Straumsvík á grundvelli stéttabaráttunnar, hvort heldur um er að ræða almennar kaupkröfur eða bættan aðbúnað.

Straumsvíkurverkamaðurinn

Baráttuhópur verkamanna í Straumsvík er fyrst og fremst skipulagður í kringum málgagn sitt, Straumsvíkurverkamanninn. Hann hefur reyndar komið út frá því í ársbyrjun 1975, en var í fyrstu gefinn út af Straumsvíkursellu KSML, þar til baráttuhópurinn yfirtók blaðið í okt. s.l. Með þeirri breytingu, sem þá varð á hlutverki Straumsvíkurverkamannsins, hefur tekist að virkja fleiri í kringum blaðið og það hefur fengið betri hljómgrunn meðal verkafólks á staðnum. Á s.l. ári komu alls 5 tölublöð út af Straumsvíkurverkamanninum. Hann er útgefinn í 500 eintökum og er dreift ókeypis meðal verkamanna á staðnum, en öllum er frjálst að styrkja útkomu hans fjárhagslega.

Noregsför trúnaðarmanna

Í síðasta tbl. Straumsvíkurverkamannsins, sem út kom um áramótin er m.a. viðtal við Sigurð T. Sigurðsson, trúnaðarmann í kerskála, en hann var einn þeirra sex trúnaðarmanna, sem heimsóttu hliðstæð áliðjuver í Noregi í byrjun desember til að kynna sér þar aðbúnað verkamanna, kaup þeirra og kjör. Í viðtali þessu kemur fram, að kaup verkamanna í Noregi er almennt hærra en gerist hér á landi, enda lifa þeir þar af 8 stunda vinnudegi. Ennfremur er all miklu betur búið að verkafólki í norsku álverksmiðjunum en í Straumsvík, bæði hvað snertir hreinlæti og ýmis öryggisatriði. Þó er nokkur munur á systurfyrirtæki Aluswiss og norsku verksmiðjunum, en þar er betur búið að verkamönnunum en hjá svissnesku


Frá vinnustöðunum

Straumsvíkur verkamaðurinn

Útgefandi: Baráttuhópur verkamanna í Straumsvík
5. tölublað 1. árgangur

Viðtal við Sig. T. Sigurðsson: Öryggi og hreinlæti betra í Norsku verksmiðjunum

Svo sem kunnugt er fóru nokkrir fulltrúar starfsmanna ÍSAL til Noregs í kynnisferð. Tilgangur fararinnar var að kanna kaup, kjör og aðbúnað starfsmanna við hliðstæð áliðjuver í Noregi. Þrjár verksmiðjur voru skoðaðar: Listaálverið við Farsun, álverið í eyjunni Karmöy og systurfyrirtæki Ísal, Husnes. Ferðin tók um vikutíma. Fulltrúar verkamanna í Straumsvík voru þeir Sigurður Tr. Sigurðsson, trúnaðarmaður, kerskála, og Hermann Valsteinsson, trúnaðarmaður, kersmiðju. Blaðið hafði samband við Sig. T. Sig. og lagði fyrir hann nokkrar spurningar um Noregsferðina og þá reynslu sem við getum hagnýtt okkur í komandi samningum.

Sp.: Hvernig eru laun hjá verkamönnum við norsk áliðjuver?

Sig. T.: Það yrði nú of langt mál að gera því tæmandi skil svo vel sé í fáum orðum, en tímalaunin liggja

við að búa?

Sig. T.: Í álverinu við Farsun og á Karmöy er snyrtimennska og hreinlæti greinilega ofarlega á lista. Verksmiðjurnar eru báðar útbúnar með fullkomnum hreinsitækjum, sérstaklega í álverinu við Farsun, en þar var hreinsibúnaðurinn einn hinn fullkomnasti sem til er í heiminum og álverið allt byggt þannig, að það falli sem best inn í náttúruna.

engir annmarkar vera þar á. Það er rétt að geta þess, að í Noregi eru í gildi lög sem kveða á um að í iðnfyrirtækjum skuli fjarlægð á milli kaffiskúra eða aðstöðu til neyslu matar vera hámark 200 m.

Í öllum verksmiðjunum kom það fram, að þeir menn sem lokið höfðu sínum ákveðnu verkefnum, máttu fara í bað og vistast í matsölum eða kaffiskúrum til vaktarloka.

Sp.: Hvernig voru búnings-

engu líkara en maður væri kominn á sjúkrahús en ekki álver - slíkur var þrifnaðurinn.

Sp.: Er öryggismálum öðruvísi háttað en hjá okkur?

Sig. T.: Í Listaálverinu við Farsun og verksmiðjunni á Karmöy eru það verkamennirnir sjálfir sem velja sér öryggisfulltrúa, en Husnesfyrirtækið velur sér sjálft öryggisfulltrúa, svipað og tíðkast hérna í Straumsvík. Í öllum verksmiðjunum voru fastráðnir læknar og hjúkrunarkonur á vinnustaðnum alla virka daga vikunnar. Trúnaðarmenn hafa fullt vald til að taka vinnutæki úr umferð af öryggisástæðum, ef þess gerist þörf. Á hverri vakt og í hverri deild eru a.m.k. 2 starfsmenn sem eru sérþjálfaðir í meðferð slasaðra og akstri sjúkrabifreiða.

Þess má geta, að deigluskot eru óþekkt í þessum verksmiðjum og í a.m.k. tveim þessara verksmiðja eru kerplötur og kerkantar reglulega athugaðir og gert er strax við, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Asbest er viðurkennt um allan heim sem krabbameinsvaldandi efni og áberandi var, hversu mikils öryggis var gætt í meðförum þessa efnis. Ég vil nota tækifærið og beina aðvörun til allra starfsmanna í Straumsvík um að fara varlega í umgengni við asbest

auðherrunum. Hér fer á eftir kafli úr þessu viðtali:

Sp.: Hvernig eru laun hjá verkamönnum við norsk áliðjuver?

Sig. T.: Það yrði nú of langt mál að gera því tæmandi skil svo vel sé í fáum orðum, en tímalaunin liggja á bilinu 18 - 25 kr. norskar (540 - 750 ísl. kr.) og meðalárslaunin um það bil 1,8 millj. ísl kr. Þetta segir nú ekki nema hálfa söguna, það sem athyglisverðast var, að 40 stunda vinnuvika nægir mönnum til lífsviðurværis og yfirvinna er nær óþekkt fyrirbrigði.

Sp.: Hvernig er vinnutíma háttað?

Sig. T.: Það er almennt viðurkennt að menn sem vinna á þrískiptum vöktum skulu hafa styttri vinnuviku en menn sem eru á dagvöktum, sökum hinnar miklu félagslegu röskunar sem vaktavinnunni fylgir. Þess vegna verða tekin í gildi lög þann 1. apríl n.k. sem stytta vinnuviku vaktavinnumanna í 36 stundir á viku, á meðan dagvinnumenn vinna 40 stunda vinnuviku. Annars er unnið á dagvöktum, eins og tíðkast hjá okkur.

Sp.: Er aðbúnaður betri í þessum álverum en við eigum við að búa?

Sig. T.: Í álverinu við Farsun og á Karmöy er snyrtimennska og hreinlæti greinilega ofarlega á lista. Verksmiðjurnar eru báðar útbúnar með fullkomnum hreinsitækjum, sérstaklega í álverinu við Farsun, en þar var hreinsibúnaðurinn einn hinn fullkomnasti sem til er í heiminum og álverið allt byggt þannig, að það falli sem best inn í náttúruna.

Í þessum verksmiðjum sem við skoðuðum var vandamál með loftið í kerskálum, en ráðið var bót á því með stillanlegu loftstreymi í kjallara kerskálanna. Settar voru hreyfanlegar blöðkur eða lokur á hliðar kjallaranna, sem stilla mátti með einu handtaki úr kerskála allt eftir vindátt og árangurinn var sá, að loftið í kerskálum var miklu betra heldur en við eigum að venjast. Í systurfyrirtæki Ísal, Husnes álverinu, virtist mér loftið í kerskálum vera mjög álíka og hjá okkur, og þegar betur var að gáð reyndist loftstreymisútbúnaðurinn í kjallaranum allur fastryðgaður!

# Enn um þá sem græða á veikindum

Eins og sýnt var fram á í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar, er til hópur manna sem græðir á veikindum. Það eru þeir menn sem flytja inn og selja lyf. Vegna hinnar gífurlegu álagningar sem er á lyfjum, allt að 140%, geta þessir menn lifað í vellystingum á kostnað þeirra sem oft á tíðum minnst mega sín, sjúklinga og gamalmenna. Ef skoðuð er skattskráin, kemur margt athyglisvert í ljós. Eigendur lyfjainnflutningsfyrirtækja og lyfsalar hafa sáralitla skatta miðað við þær tekjur sem þeir hljóta að hafa. Þannig hafa lyfsalar ekki nema 1½ tekjur lyfjafræðinga, uppgefnar til skatts, eða rúmlega 100 þúsund krónur á mánuði. En ef lífskjör lyfsalanna eru athuguð, sér maður að þetta getur ekki staðist. Þeir búa undantekningarlaust við slík lífskjör að það þarf milljónatekjur á ári til að borga þau. En í auðvaldsþjóðfélaginu er það hin gullna regla auðherranna: "Ef þú átt mikla peninga eru til mörg ráð til að fela það, og láta mikla peninga búa til meiri peninga." Það er á allra vitorði hvernig útgerðarmenn fara að þessu: Þeir skrifa matvæli, olíu, fatnað, rafmagn o.þ.h. allt á útgerðina og blóðmjólka síðan opinbera sjóði, en lifa eins og blóm í eggi "með allt á hausnum" á kostnað hins opinbera og almennra skattgreiðenda.

Allir stórkaupmenn og braskarar hafa þúsund og eitt ráð til að margfalda peningana sína. Þeir binda þá í fasteignum sem þeir síðan braska með, þeir festa þá í öðrum fyrirtækjum, og reka fjárfestingasjóði. Það er t.d. til fyrirtæki sem heitir

## Á döfinni

Fjárfestingasjóður stórkaupmanna. Það liggur í nafninu hvað þar fer fram, en fyrir venjulegu verkafólki er skítalykt af því.

Og allt ríkisbáknið er ein stór smuga sem braskararnir spila á til að auka gróða sinn. Ríkisvaldið gerir allt sem það getur til að hjálpa og þjóna auðvaldinu. Dæmi um þetta eru fjármögnun skuttogarakaupanna, og síðasta fjárlagafrumvarp. Samkvæmt síðasta fjárlagafrumvarpi á enn að auka gróða lyfsala og lyfjainnflutningsfyrirtækja. Framlag trygginganna til að borga niður lyfjakostnað er stórlega minnkað, svo að þeir sem þurfa á lyfjum að halda eiga að borga 500 milljónum meira á þessu ári fyrir þau. Og samfara minnkandi þjónustu trygginganna á að auka skattana til að borga þær, svo raunverulega borgar almenningur meira. En á sama tíma er ekkert gert til að hafa eftirlit með gróða þeirra sem braska með lyfin, hvað þá að skattleggja gróða þeirra. Það á að krefjast þjóðnýtingar lyfjainnflutningsfyrirtækja og apóteka og stórsköttunar á brask auðvaldsins. En heilbrigðisþjónustan fer ekki að þjóna verkalýð og vinnandi alþýðu fyrr en auðvaldsþjóðfélagið hefur verið afnumið og reist ríki sósíalismans þar sem maðurinn situr í fyrirrúmi en ekki gróði einstaklinga.

-/GG

# Stjórnleysi í auðvaldsframleiðslunni þýðir atvinnuleysi

Gegndarlaus sókn auðvaldsins eftir hámarksgróða hefur orðið þess valdandi að sökum offjárfestinga og offramleiðslu er stórfellt atvinnuleysi að halda innreið sína. Skýrasta dæmið um þessa offjárfestingu er stækkun togaraflotans á undanförnum árum. Nú er svo komið að fyrirsjáanlegt er að leggja verði hluta flotans eða stunda rányrkju á fiskistofnum. Auðvaldið hefur braskað með landhelgina með því að semja við þjóðverja um veiðar, svo það á einskis annars úrkosta en að hrekja fjölda sjómanna og landverkamanna sem vinna við fisk, út í atvinnuleysi. Nú þegar er atvinnuleysið orðið stórfellt. Í fyrstu viku janúar voru hartnær 1400 manns atvinnulausir á landinu, sem er 2-3% félaga ASÍ: En þessi tala er fölsuð, því í henni eru ekki útivinnandi húsmæður sem vegna atvinnuástandsins fá ekki vinnu. Í mörgum bæjum landsins jaðrar við neyðarástand. Í Ólafsvík, Bíldudal, Vopnafirði og fleiri stöðum er um að ræða stórfellt atvinnuleysi þar sem fiskur berst ekki á land og lítið sem ekkert er um byggingar- eða vegaframkvæmdir.

Auðvaldið sem aldrei hugsar um annað en eigin gróða, lætur togarana sigla, þrátt fyrir að hundruð verkafólks í fiskiðnaði sé atvinnulaust. Á sama tíma og fullkomnasta frystihús landsins, sem er í Ólafsvík, er verkefnalaust og þar enga vinnu að fá, siglir hver togarinn á fætur öðrum til Þýskalands með afla. Á Kirkjusandi hefur ekki verið unnið í meira en mánuð af sömu orsökum. Þannig braskar auðvaldið með lifibrauð íslensks verkafólks og kapitalistarnir strjúka sér ánægðir um magann og segja að allir verði að herða sultarólina vegna slæms ástands í efnahagsmálum.


ASÍ-forystan hefur ekkert gert til að bæta úr ástandinu, þrátt fyrir að Björn Jónsson hafi hvað eftir annað biðlað til auðvaldsins með því að segja að verkalýðshreyfingin muni sætta sig við kjaraskerðingar ef tryggt verði að full atvinna haldist. Björn Jónsson: Staðreyndirnar eru harðar að horfast í augu við, það er komið atvinnuleysi og ASÍ-forystan ber ábyrgð á því ásamt auðvaldinu vegna uppgjafarstefnu hennar.

Íslenskt verkafólk ber enga ábyrgð á kreppu auðvaldsins, og krafa þess ætti að vera: Gegn verðbólgu og atvinnuleysi - látum auðvaldið borga.

# ÚREINU ÍANNAÐ

Bandaríska fréttaritið Newsweek segir frá því þ. 19. jan. að nú sé í gangi mikil herferð af hálfu stjórnarinnar í Suður-Kóreu til þess að fá kóreumenn sem eru búsettir í Japan, til þess að heimsækja Suður-Kóreu og kynnast ástandinu þar af eigin raun í stað þess að trúa áróðri Norður-Kóreu. Newsweek greinir frá því að Norður-Kórea haldi því fram að þeir sem fari til Suður-Kóreu eigi það á hættu að verða teknir fastir - en blaðið fullvissar lesendur um að þetta sé bara lygaáróður. Svo lesum við eftirfarandi úrklippu í Dagblaðið þ. 20. jan.:


til hræðsluaðferðarinnar. Ekki færri en fjórutíu Suður-Kóreanar, sem búsettir eru í Japan, hafa verið handteknir í heimsóknum til föðurlandsins. Enn fleiri hafa verið dæmdir til dauða þrátt fyrir að engar raunhæfar sannanir hafi verið fyrir hendi.



"Ef eitthvað tálmar því að verkamenn nái sér meira úr skálinni, þá er hvorki því til að dreifa að skálin sé þröng né innihaldið rýrt, heldur einungis um smæð skeiðanna að sakast." (Marx, Laun verð og gróði).

Árni Bergmann er iðinn við að skrifa um "allskonar marxisma". Það fara fáir í buxurnar hans þegar það þarf að fylla síðurnar í Þjóðviljanum. 25. jan. s.l. skrifar hann grein um sósíaldemókrata og "kommúnista" - og hvernig þeir nálgast nú hvorir aðra. En Árni telur að með því að s.k. kommúnistaflokkar V-Evrópu fjarlægist Moskvu, að þá skapist meiri líkur á samvinnu þeirra við krata. Gallinn við útskýringu Árna er bara sá að hann skýrir ekki rétt frá afstöðu sovéska flokksins - hann segir þá fylgjandi alræði öreiganna (sem reyndar er birt innan gæsalappa í Þjóðviljanum og telst það vera tímanna tákn héðan séð).

öðruvísi að. En svo kemur það á daginn, að sovétmenn eru í reynd ekki á þeim buxum að líta á sitt eigið samfélag fyrst og fremst sem afsprengi mjög sérstæðra aðstæðna. Heldur telja þeir það í reynd algjöra fyrirmynd í öllum meiriháttar atriðum, einkum að því er varðar þá kenningu að sósíalismi sé óhugsandi án forræðis (hegemóníu) kommúnistaflokksins, svonefnda, „alræðis öreiganna". Með innrás í Tékkóslóvakíu og framkomu við sovéska andófsmenn er í raun verið að leggja áherslu á þessa kenningu. Og þetta tvennt verður

Árni ætti að kynna sér betur hlutina í háborg sinni - það var nefnilega sjálfur Krúsjoff sem lýsti því yfir að alræði öreiganna væri ekki lengur við lýði í Sovétríkjunum, nú er það "ríki allrar alþýðu". Og það var hann sem laumaði því inn í kommúnísku hreyfinguna, að friðsamlega leiðin til sósíalismans væri ein möguleg. Svokölluð stefnubreyting "kommúnistaflokkanna" hans Árna er því sama tóbakið og boðið er upp á í Moskvu.

Skrif Þorsteins Thorarensen eru oft skemmtileg vitleysa sem fáir taka beint alvarlega. Maðurinn kemur víða við í hugarflugi sínu en tyllir sjaldnast fæti á jörðina - einnig fer hann frjálslega með staðreyndir og gerir úlfalda úr mýflugu þegar með þarf. Föstudaginn 23. jan. skrifar grein í Dagblaðið um NATO/landhelgismálið. Við birtum hér litla úrklippu úr þeirri grein sem sýnishorn af framleiðslu þessa skríbents.

Mér er kunnugt um það, án þess að það hafi komist í hámæli, að þegar sjómennirnir í Grindavík lokuðu veginum að fjarskiptastöðinni komu leiðtogar „marx-leninista-samtakanna" til þeirra og buðust til að ganga í lið með þeim og hefja varðstöðu með rauðum fánum við vegartálmunina. En athyglisvert er að sjómennirnir höfnuðu því einum rómi, enda mun það mála sannast að vinnandi fólk fyrirlítur þann róttæka slæpingjaskríl.

Staðreyndir málsins eru auðvitað þær að ekkert stenst af þessari fullyrðingu Þ.T. - þessi umtalaða "aðstoð með rauðum fánum" var aldrei boðin fram og þarafleiðandi aldrei hafnað. Það sem gerðist var að sjómönnunum voru afhentar stuðningsyfirlýsingar sem þeir þökkuðu fyrir og voru hressir með að fá. Þ.T. er hér á lævísan hátt að reyna að reka fleyg á milli sjómannanna og aðila sem studdu þá á þeirra eigin grundvelli. Hið týpíska bragð að kalla róttækt fólk"slæpingjaskríl" getur Þ.T. ekki neitað sér um að nota, enda í samræmi við allan hans málflutning. Í fyrsta lagi veit hann engin deili á því hverjir stóðu hér að máli, í öðru lagi hefur hann ekki hugmynd um atvinnu- eða atvinnuleysi þeirra. Hann fer með staðlausa stafi.

/gorgeir


J. Stalín

Grundvöllur lenínismans

Verkalýðsforlagið

GRUNDVÖLLUR LENINISMANS eftir J. Stalin er nýkomin út hjá Verkalýðsforlaginu.

Á bókarkápu segir: "Í fáum en skýrum dráttum, dregur Stalín mynd af heimsskipulagi auðvaldsins, af hinum efnalegu og pólitísku skilyrðum stéttabaráttunnar, sem sprettur upp af þessu skipulagi...
..Bók Stalíns, Leninisminn, er án efa skýrasta og snjallasta lýsing, sem til er af þeirri kenningu, sem sagði fyrir þessa byltingu, útskýrði afstöðu hennar í söguþróuninni og kveikti á blysum hins byltingasinnaða vinnandi lýðs um heim allan"(Úr eftirmála Sverris Kristjánssonar að 1. útgáfu Grundvallar leninismans, 1930)

Bókin kemur út í endurskoðaðri þýðingu, og er hún 124 blaðsíður að stærð.

Þetta er bók sem engin sem kynna vill sér marxismann-leninismann ætti að láta fara fram hjá sér. Hana er hægt að kaupa í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15 og helstu bókabúðum í Reykjavík.

Bókina er hægt að panta í póstkröfu frá Rauðu stjörnunni, hvert á land sem er.

# ÚR RAUÐU PRESSUNNI

## Afstaða breskra kommúnista til landhelgismaisins

Eftirfarandi grein birtist í málgagni breskra marxista-lenínista "The Worker" 9. des. s.l. og lýsir hún viðhorfum þeirra til landhelgisdeilu breta og íslendinga.

"Það að senda bresk herskip á Íslandsmið verður að fordæma sem árásaraðgerð gegn íslensku þjóðinni. Það er ekki til að vernda auðlindir bresku þjóðarinnar að ríkisstjórn Verkamannaflokksins er tilbúin til stríðsaðgerða, heldur til að viðhalda "hefðbundnum rétti" kapitalistanna til að ráðskast með og sóa auðlindum alls heimsins. Með þessum aðgerðum vinnur ríkisstjórnin einungis gegn hagsmunum bresks verkalýðs. Flotaíhlutunin er ekki til að tryggja varanlega fæðuöflun né atvinnu togarasjómannanna, því að á meðan stjórnin sendir flotann á Íslandsmið, eru ryksugutogarar að dæla upp fiski af okkar eigin miðum til mjölframleiðslu. Sovéski fiskveiðiflotinn einn gleypir um 15 þús. tonn daglega af fiski bæði stórum og smáum. Önnur lönd og aðrir kapitalistar hafa einnig með verksmiðjuskipum sínum gengið svo nærri fiskistofnum okkar að þúsundir sjómanna sem veiða makríl sjá nú fram á atvinnuleysi, á meðan góður neyslufiskur fer í mjöl. Ef ekki verður þegar hafist handa um verndun með hagsmuni næstu kynslóðar í huga munu síld og þorskur fara sömu leið og makríllinn.

THE WORKER

the Communist Party of Britain (Marxist-Leninist)

Íslendingar hafa tekið rétta afstöðu með verndun fiskistofna umhverfis landið. Með því vernda þeir ómetanlegar próteinbirgðir fyrir heiminn.

Í sókninni að hámarksgróða munu hýenur breska togarasambandsins örugglega drepa gæsina sem verpir gulleggjunum nema þeir verði stöðvaðir. En atvinna togarasjómanna er ekkert sældarlíf, jafnvel þegar best lætur. Í frothörkum vetrarins er þeim teflt fram eins og peðum í refskák. Það er ljóst að atvinnuöryggi þeirra verður úr sögunni þegar fiskistofnunum hefur verið eytt.

Frekar en að berjast við íslendinga ættum við sjálfir að færa landhelgina út í 200 mílur og vernda okkar eigin fiskistofna fyrir sjóræningjaskipum burgeisanna jafnt innlendra sem erlendra.



# CHOU EN-LAI
## Verk hans lifa

Félagi Sjú En Læ er látinn. Dauði hans er mikið áfall fyrir alla hina miklu kínversku þjóð. Og ekki aðeins fyrir kínversku þjóðina heldur einnig fyrir allan hinn mikla fjölda verkalýðs og byltingarsinnaðrar alþýðu allra landa.

Fráfall þessa mikla byltingarleiðtoga sem alltaf lagði allt í sölurnar fyrir heill og hagsmuni alþýðunnar, fyllir hjörtu allra kínverskra verkamanna, bænda, hermanna og byltingarsinnaðr menntamanna af söknuði og trega. Einnig við, erlendir nemendur í Kína syrgjum Sjú En Læ, sem við vissulega dáðum og virtum sem mikinn friðelskandi leiðtoga.

En þótt Sjú En Læ sé fallinn frá, þá lifa verk hans og byltingarsinnaður baráttuandi og fórnarhugur. Kínverskir verkamenn, bændur og hermenn færa sorg sína yfir í athöfn og aukinn styrk. Þeir tileinka sér byltingarsinnaðan baráttuanda Sjú En Læ, nú betur og meira en nokkru sinni. Þeir minnast hans ekki með því að fella niður vinnu og sitja með hendur í skauti. Slíkt væri ekki í anda Sjú En Læ; heldur þvert á móti láta þeir sorg sína verða sér hvatning til frekari átaka og frekari sóknar í uppbyggingu sósíalismans. Þeir eru staðráðnir í því að láta rauða fánan sem Sjú En Læ hyllti aldrei falla til jarðar. Kínversk alþýða mun staðfastlega halda áfram hinn sósíalíska veg sem Sjú En Læ gekk og láta ekki glepjast af svikurum og auðvaldssinnum sem reyna að teyma hana út í fenin.

Þannig skyldi það einnig vera fyrir okkur og allan fjölda verkamanna og byltingarsinnaðrar alþýðu allra landa sem sækir nú með sóknarhug inn á árið 1976; nú þegar heimskerfi kapitalismans og efnahagskerfi hans riðar til falls. Við skulum láta minninguna um Sjú En Læ og framlag hans til hinnar sósíalísku heimsbyltingar verða okkur hvatning til enn djarfari óknar og nýrra sigra yfir kapitalismanum.

Við skulum aldrei gleyma Sjú En Læ
Fram til baráttu fyrir nýjum sigrum

Peking 11/1
Ragnar Baldursson

# CHILE:
## Ný alþýðufylking stofnuð!

And-fasísk alþýðfylking hefur verið stofnuð í Chile og hefur hún byrjað að skipuleggja andstöðuna. El frente del Pueblo de Chile, Alþýðufylking Chile, hefur birt lágmarksgrundvöll til að sameina á öll and-fasísk öfl. Hann inniheldur eftirfarandi punkta:

1. Barátta fyrir að kollvarpa fasíska einræðinu, binda endi á kúgunina og fangelsanirnar. Barátta fyrir almennri sakaruppgjöf.

2. Barátta fyrir að endurvinna lýðræðisréttindi og frelsi. Barátta fyrir hugsana-, tjáningar-, prent-, funda- og samtakafrelsi. Barátta fyrir réttindum fagfélaganna.

3. Barátta gegn arðráninu. Fyrir hækkun launa og eftirlauna. Barátta fyrir verðstöðvun á nauðsynjavörum.

4. Barátta fyrir að sjálfstæði háskólans verði virt. Barátta fyrir að fasískri íhlutun í málefni háskólans verði hætt.

5. Stuðningur til handa smáfyrirtækjum og millihópum í landbúnaði, iðnaði og verslun.

6. Barátta fyrir að heimsvaldafyrirtækin, einokunarhringar og stórjarðir sem þjóðnýttar voru verði ekki gefnar til baka. Engar skaðabætur til handa fyrri eigendum.

7. Barátta fyrir áframhaldandi skiptingu jarða í ríkari mæli. Vörn og efnahagslegur stuðningur til samvinnufyrirtækja í landbúnaði.

Í ávarpi 1. maí sagði Alþýðufylkingin m.a.:

"Bræður, verkamenn og chileanskir föðurlandsvinir: Sameinumst og þróum fram styrk þjóðar okkar takmarkalausan skapandi kraft hennar. Dagar fasismans og heimsvaldastefnunnar eru taldir. Lærum af hinni sigursælu baráttu kambódíumanna, víetnama og laosbúa. Baráttu okkar gegn fasíska hernaðareinræðinu og stóru arðránsaðiljunum er hluti af baráttu alþýðu heimsins gegn heimsvaldastefnu og afturhaldi..."

Það er erfitt að segja til um raunveruleg áhrif Alþýðufylkingarinnar meðal chileanskra verkamanna í dag. En lágmarksgrundvöllur hennar lítur út fyrir að geta þjónað sem grunnur breiðrar baráttu gegn herforingjastjórninni. Alþýðufylkingin hefur heldur ekki látið sér nægja yfirlýsingar eingöngu: Verkföll hafa verið skipulögð, og baráttumenn innan Alþýðufylkingarinnar tóku 5. júlí af lífi einn af stuðningsmönnum herforingjastjórnarinnar, kafteininn Osvaldo Heyder Goycolea.

17. maí var dreift flugblaði víða um Santíago. Þar stóð m.a.:

"Við verðum að steypa einræðinu áður en það sveltir okkur í hel. Skipuleggjum okkur í verksmiðjunum, búgörðunum, skrifstofunum og skólunum. Skepnueinræðið getur ekki varað að eilífu."

Þýtt og endursagt úr Gnistan nr. 34

### Stofnþing Rauðrar æsku

Dagana 31/1-1/2 1976, verður stofnþing Rauðrar æsku, verður þingið jafnframt fyrsta landsþing samtakanna.
Þingið verður haldið að Freyjugötu 27. á horni Freyjugötu og Njarðargötu.
Laugardaginn 31. janúar hefst þingið kl. 1 e.h.
Sunnudaginn 1 febrúar kl. 10f.h.
Aðalverkefni þingsins er að fullmóta grundvöll samtakanna, einnig munu liggja fyrir þinginu ýmsar ályktanir sem þingfulltrúar munu síðan taka afstöðu til.
Ákveðið hefur verið að leyfa öllum þeim er kunna að hafa áhuga á samtökunum að taka þátt í starfsemi þingsins.

# Filip Kota
## Afstaðan til verkalýðsfélaganna

Eftirfarandi grein er úrdráttur úr bæklingnum "Tvær gagnstæðar stefnur innan verkalýðshreyfingar heimsins" eftir albanska marxistann-lenínistann Filip Kota. Grein þessi er valin til að varpa ljósi á afstöðu nýju marxista-lenínistaflokkanna í auðvaldslöndunum til verkalýðsfélaganna.

"Stærstu verkalýðsfélögin í auðvalds löndunum eru rótgróin í baráttu og skipulagningu verkalýðsins. Þau hafa yfirleitt gegnt jákvæðu hlutverki við að verja hagsmuni og réttindi verkalýðsstéttarinnar. En núverandi ástand verkalýðsfélaganna er þannig að umbóta- og endurskoðunarsinnaðir leiðtogar þeirra hafa endanlega yfirgefið baráttustefnu verkalýðsins. Og það hefur leitt til þess að verkalýðsstéttin er smám saman að missa trú á þá...

Innan verkalýðsfélaganna eru verkalýðsforingjarnir helsti tálminn í vegi stéttabaráttunnar. Baráttan milli þeirra og fjölda félagsmanna harðnar meir og meir og breiðist út.

Til þess að verkalýðsstéttin losi sig við arðránið og henni verði ljóst hvað hún vill, þarf að herða þessa baráttu. En söguleg reynsla sýnir að verkalýðsstéttin gerir sér ekki af sjálfu sér grein fyrir hlutverki sínu, sem er að sigra borgarastéttina fyrir fullt og allt. Það getur hún aðeins ef henni er leiðbeint af byltingarsinnuðum marxískum-lenínískum flokki, sem ber í brjósti hagsmuni verkalýðsins. Flokki sem gefur verkamönnum meðvitund um stétt sína og samtakamátt til að þeir hrasi ekki inn á braut umbótastefnu, ökónómisma eða verði stefnuleysi að bráð.

Í mörgum löndum heims er tilurð slíkra marxískra-lenínískra flokka, sem eru fulltrúar hinna nýju byltingarafla, stórt skref fram á við fyrir verkalýðsstéttina. Með pólitískum grundvelli þeirra og virku starfi með verkamönnum vaxa hin nýju byltingaröfl stöðugt og styrkjast í grimmri stéttabaráttu. Þau þjálfa verkalýðinn og mennta hann pólitískt og hugmyndafræðilega. Sú menntun fæst með kjarabaráttu og pólitískri baráttu sem beinist gegn borgarastéttinni, auðvaldsstefnunni og heimsvaldastefnunni og erindrekum þeirra innan raða verkamanna og verkalýðsfélaganna...

Til þess að brjóta leið sína inn í raðir verkamanna vinnur hið nýja afl innan verkalýðsfélaganna. Án þeirra er ógjörningur að laða verkalýðinn að sér, því það er í gegnum þau sem flokkurinn tengist verkalýðsstéttinni og fjöldanum. "Eins náið samband flokksins við verkalýðsfélögin og mögulegt er, er meginreglan" sagði Lenín.

Hin nýju byltingaröfl í auðvaldsríkjunum álíta að verkalýðsfélögin séu nauðsynleg til að efla baráttu verkalýðsstéttarinnar. Barátta sem takmarkast aðeins af daglegum kröfum og miðast ekki að hagsmunum framtíðarinnar mun leiða til umbótastefnu. Samtímis telja þau nauðsynlegt fyrir verkalýðsstéttina, bæði innan og utan verkalýðsfélaganna, að hún læri að einskorða sig ekki við kjarabaráttuna heldur haldi uppi pólitískri baráttu undir forystu flokks hennar. Takmarkið er að ná völdum.

Verkalýðsfélögin eru "sögulega óhjákvæmileg" og "sögulega nauðsynleg" stéttarsamtök. Þess vegna hætta hinir nýju marx-lenínistaflokkar ekki að vinna innan verkalýðsfélaganna, því fjöldi verkamanna myndi þá verða fyrir meiri áhrifum af umbóta- og endurskoðunarstefnu verkalýðsforingjanna. Á hinn bóginn vinna þeir þolinmóðir innan þeirra til að halda áfram stéttabaráttunni og koma upp um verkalýðsforingjana. Þeir upplýsa þannig verkalýðsstéttina um blekkingar og svik borgarastéttarinnar og erindreka hennar. Verkalýðsstéttin finnur þá einnig leið til að losna undan arðráninu.

Hin nýju byltingaröfl reyna að beina allri stéttarbaráttu öreiganna, aðgerðum, verkföllum og kröfugöngum beint gegn einokun borgarastéttarinnar. Gegn kúgun hennar og arðráni o.s.frv. - til gagn fyrir verkalýðsstéttina og hagsmuni hennar...

Með þátttöku í þessum verkföllum styðja þau kröfur verkamanna. Þau ganga ekki með þeim aðeins vegna dirfsku sinnar og ákveðinna aðgerða heldur fyrir skýrri pólitískri og hugmyndafræðilegri stefnu. Byltingaröflin kappkosta á þennan hátt að gefa öllum verkföllum og sérhverri aðgerð pólitískt einkenni. Þannig skýra þau frá afturhaldssamri stefnu verkalýðsfélaganna og taktík húsbænda þeirra...

Í byrjun baráttunnar gegn svikum umbóta- og endurskoðunarsinnuðum verkalýðsfélagastjórnum og afturhaldssömum leiðtogum þeirra er verkalýðsstéttin smám saman að losa sig við skrifstofubáknið og óstéttvísa skipulagningu sem felst í byggingu hinna hefðbundnu verkalýðs félaga. Fylgjendur þessarar stefnu, undir forystu marx-lenínistaflokka, læra nú í vissum löndum af byltingarlegum hefðum fortíðarinnar. Þeir taka upp hið jákvæða og byggja upp hreinustu og byltingarsinnuðustu undirstöðuna.

Á þennan hátt eru nauðsynlegu skilyrðin að skapast að neðan,... Auðvitað kallar það á mikla áreynslu, skipulagningu og baráttu, bæði kjara baráttu og á pólitíska og hugmyndafræðilega sviðinu,... svo verkalýðs stéttinni verði ljóst að milli hennar annars vegar og borgarastéttarinnar og umbóta- og endurskoðunarsinna hins vegar rekast á gagnstæðir hags munir. Hinir síðastnefndu gefast ekki upp mótstöðulaust. Engin sátt kemur til greina, heldur þrotlaus barátta.

-/gbg þýddi úr Guardian 15.10.'75

GERIST ÁSKRIFENDUR!
GERIST ÁSKRIFENDUR!

# Arðránið á sjómönnum

Íslenskir sjómenn hafa tilkynnt stjórnvöldum, að engin fiskiskip muni láta úr höfn eftir 18. þ.m., nema niðurstöður nefndar er fjallar um niðurskurð sjóðakerfisins verði komnar fram og fiskverð ákveðið.

Undanfarin ár hefur það orðið æ algengara, að undirnefndir hafi orðið að skjóta fiskverðsákvörðunum til yfirnefndar, en ákvarðandir hennar eru lagalega bindandi fyrir alla aðila. Á síðustu loðnuvertíð komst yfirnefndin ekki að niðurstöðu um loðnuverð fyrr en langt var liðið á vertíðina. Urðu sjómenn því að ráða sig á báta í fullkominni óvissu um það hver kjör þeirra yrðu. Enda kom á daginn að þau urðu mun lakari en búist hafði verið við.

**Eftirfarandi upplýsingar, sem fengnar eru úr málgögnum borgaranna,** sýna vel fram á arðrán þeirra á íslenskum sjómönnum:

Á komandi vertíð borga norskar loðnubræðslur frá 7 - 11 kr. ísl. fyrir hvert kg. af loðnu og fer verðið eftir fitumagni (þ.e. u.þ.b. kr. 7,30 fyrir 6% fitumagn en u.þ.b. kr. 10,80 fyrir 13%). Þetta verð geta þær borgað vegna framlags frá norska ríkinu, sem nemur u.þ.b. kr. 3,50 á kg. af bræðslufiski.

Með hliðsjón af þessu ættu íslenskir fiskseljendur að geta fengið a.m.k. 4 - 7 kr. fyrir hvert kg. af loðnu, sem fer til bræðslu. Í fyrra fengu þeir hins vegar aðeins 2 kr. á kg. Ef ríkisstjórnin framfylgir margyfirlýstri stefnu sinni um að "nú sé ekkert svigrúm til launahækkana", hlýtur það að hafa í för með sér, að fiskverð muni lítið breytast, a.m.k. ekki til hækkunar. Er þá væntanlega öllum ljóst hvert gróðinn af vinnu sjómannanna fer.

1973 var blómatími vinstri stjórnarinnar. Það ár keyptu Síldabræðslur ríkisins hráefni fyrir 141 millj., en rekstrartekjur urðu 361 millj. Gróðann földu þær á bak við alls kon ar bókhaldslega útgjaldaliði, eins og t.d. "ýms rekstrargjöld" 42 millj., "viðhaldskostnaður" 42 millj. og "afskriftir" 49 millj. Nettógróðinn varð því skv. ríkisreikningnum fyrir árið 1973 33 millj., en raunverulegur gróði hefur varla farið undir 100 millj. það árið.


Þessar tölur hér að framan sýna ársreikninga allra ríkisverksmiðja á landinu, hvort sem þær gengu undir fullum eða hálfum afköstum. T.d. voru verksmiðjurnar á Raufarhöfn og Siglufirði starfræktar mjög stuttan tíma, og hljóta þær því að draga allverulega úr gróða hinna.

Í Vestmannaeyjum, á Norðfirði og á Vopnafirði eru stórar verksmiðjur, sem störfuðu með fullum afköstum meirihluta vertíðarinnar. Þessar verksmiðjur eru í eign örfárra manna, þó þær séu skráðar sem hlutafélög.

Öfugt við önnur fyrirtæki á Neskaupstað er síldabræðslan þar ekki rekin af bæjarfélaginu, heldur sem hlutafélag alþýðubandalagsbroddanna á staðnum.

Það er ljóst að gróði verksmiðjanna af loðnubræðslunni byggist að mestu leyti á skammarlega lágu loðnuverði, sem kemur til skipta fyrir sjómenn. Þess vegna hljótum við kommúnistar að lýsa yfir samstöðu með sjómönnum í baráttu þeirr sem framundan er.

-/Dagsbrúnarsella KSML



# Kökukenningin

Þeirri kenningu hefur ætíð verið hampað af atvinnurekendum og blöðum þeirra, að við hverja samninga væri ætíð ákveðin upphæð peninga, sem vinnandi fólk gæti skipt á milli sín. Þessi upphæð fer eftir því hvað atvinnuvegirnir geta borgað á hverjum tíma, eða með öðrum orðum, hvort um er að ræða mikinn eða lítinn gróða hjá atvinnurekendum. Þessa upphæð eiga síðan ófaglærðir verkamenn og konur, iðnaðarmenn, ásamt fleiri starfshópum að slást um, og hafi hver sem betur getur.

Þessi kenning er alröng, enda er hún sett fram til að dylja þá staðreynd, að atvinnurekendur byggja tilveru sína á arðráni á verkalýðsstéttinni, og eru þeir meira arðrændir sem hafa lært til handanna, enda skapa þeir meiri verðmæti. Þess vegna er alrangt að halda því fram, að iðnlærðir verkamenn, græði fyrst og fremst á kostnað ófaglærðra verkamanna, og að aðrir hópar sem kallaðir eru í daglegu tali hálaunahópar séu að troða á almennu verkafólki vegna betri kjara. Þannig er það ekki.

Við verkamenn þekkjum að atvinnurekendur græða bæði á iðnaðarmönnum og ófaglærðum. Þessi kenning er því sett fram til þess að sundra samstöðu okkar gegn þeim sem lifa á gróðanum af vinnu okkar. En það sem alvarlegra er, er að þeir sem eiga að teljast málsvarar okkar, ASÍ-forystan og Þjóðviljinn, eru farnir að halda fram þessari sömu kenningu. Og slíkt hið sama gera flestir forystumenn verkalýðsfélaganna, til dæmis í Dagsbrún og Iðju, svo eitthvað sé nefnt.

Það kennir okkur að þeir menn sem eiga að kallast okkar talsmenn í verkalýðsbaráttunni, eru farnir að taka upp hugmyndir atvinnurekenda, til þess eins að sundra verkalýðsstéttinni í hagsmunabaráttunni. Slíkir verkalýðsforingjar, sem þessir, sem nota sér hugmyndir auðvaldsins innan verkalýðsfélaganna og sundra stéttinni, þeir eiga ekkert erindi á meðal okkar. Þess vegna verðum við að berjast gegn þeim og hugmyndum þeirra og fá til forystu einhverja úr okkar eigin röðum. Menn sem ekki ganga á mála hjá atvinnurekendum og gerast talsmenn sundrungar og "greiðsluþols" þeirra sem lifa á vinnu okkar.

Það sem við þurfum er að koma upp um svik þeirra manna, sem nú fara á bak við okkur, svo vinnufélagar okkar fái risið upp með okkur innan verkalýðsfélaganna. Það erum við verkamenn og verkakonur sem ráðum þegar á reynir.

Bened. Sig. Kristjss.

# Hvar eru kaupkröfurnar?

Nú hafa ASÍ og VSÍ með aðstoð ríkisvaldsins setið í hartnær þrjá mánuði og makkað. Af fréttum að dæma ber mikið á milli, en fyrir venjulegu fólki er það afskaplega einkennilegt, því kaupkröfur hafa enn ekki verið lagðar fram af hálfu ASÍ. ASÍ hefur lagt höfuðáherslu á sérkröfur og ýmsar kjarakröfur, en mál dagsins, kaupkrafan, hefur algerlega verið látin sitja á hakanum

Um hvað ættu málin að snúast?

Síðasta ár var ár gegndarlausra kjaraskerðinga. Það er ekki ofmælt að kjaraskerðingin frá mars 1974 sé um 50%, og enn eru stórfelldar verðhækkanir í gangi. Á sama tíma fer yfirvinna stórminkandi og atvinnuleysi heldur innreið sína. Með því eru enn skert kjör verkalýðsins. Það er því ljóst að höfuðmálið ætti að vera barátta fyrir því að kjaraskerðingarnar verði að fullu bættar, og ennfremur, í ljósi versnandi atvinnuhorfa og minkandi yfirvinnu ættu kröfurnar að ganga út frá því að dagvinna nægi fyrir framfæri og að full atvinna haldist. Þetta er hverjum verkamanni ljóst. En það er oft svo, að það sem hver einasti verkamaður veit og skilur, er verkalyðsforystunni algerlega "hulið", eða hún lokar augum fyrir því.

Vinnubrögð ASÍ-forystunnar.

ASÍ forystan virðist fara eftir þeirri reglu, að sóknina eigi að hefja með því að hörfa undan. Eða hvernig á að skoða þau vinnubrögð hennar að í upphafi samninga að lýsa yfir að "vegna slæmrar stöðu atvinnuveganna sé ekki hægt að krefjast fullra bóta fyrir kjaraskerðingarnar"? Hvernig ber að líta á það athæfi forystunnar að fara með deilurnar í sáttanefnd og sáttasemjara áður en lagðar hafa verið fram kaupkröfur?
Er þetta ekki dæmigert fyrir makkið og baktjaldaumræðurnar, þar sem þvælt er fram og aftur um aukaatriði **en aðalatriðin látin sitja á hakanum?**



**Hvað eru þeir að makka um ?**

Nú er u.þ.b. mánuður liðinn frá því samningar runnu út og enn hefur ekki fengist neitt út úr samningamakki verkalýðsforystunnar og atvinnurekenda.


Um verkfallsheimild.

ASÍ hefur skorað á aðildarfélögin að afla sér verkfallsheimilda og hafa sum þeirra þegar gert það. Verkfallsheimild þessi kemur þó að litlu gagni fyrir hinn almenna verkamann, því það er í höndum forystunnar að dagsetja verkfallið, ef til slíks kæmi. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga aðferðir þær, er ASÍ-forystan beitti við síðustu samninga, en þá var dregið í lengstu lög að boða til verkfalls, síðan var því frestað og þannig komið í veg fyrir átök á vinnumarkaðinum.

Látum auðvaldið borga kreppuna.

Það þarf varla að búast við neinum verulegum kjarabótum á meðan embættismennirnir hjá ASÍ halda um stjórnvöl verkalýðshreyfingarinnar; þeir hafa sýnt og sannað að hagur þeirra er hagur auðvaldsins. Verkafólk verður að fylkja sér saman á grundvelli stéttabaráttunnar og krefjast þess, að auðvaldið borgi sína eigin kreppu í stað þess að velta henni yfir á herðar vinnandi fólks. Það verður best gert með því að stilla upp kröfunni: Lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag. Jafnframt því ber að krefjast vísitölubindingu launa, því það er ein tryggasta leiðin til að sporna við hinni gengdarlausu kaupmáttarýrnun,

## ENDURREISN EFNAHAGSLÍFSINS




Einn lesenda Stéttabaráttunnar sendi okkur þessa mynd sem sýnir hvernig auðvaldið framkvæmir "endurreisn efnahagslífsins." Það er verkalýðurinn sem ber byrðarnar.

Textinn sem fylgdi myndinni er svohljóðandi:

"Geir: Já svona - við erum byrjaðir að mjakast af stað aftur!

P.s. Ég hef eyrað á Geir svona til að hann sé með eins eyra og hinir asnarnir. (Takið eftir hvað hann er alvarlegur til augnanna)."

FRH. AF FORSÍÐU

## Einokunarhringarnir

Tvær meginfylkingar

Stærstu einokunarfyritækin á Íslandi skiptast í tvær meginfylkingar. Annars vegar SH/Eimskip/Flugleiðir (þessi samsteypa er tengd innbyrðis bæði skipulagslega og gegnum einstaka persónur sem sitja í stjórnum þeirra), og hins vegar SÍS. Þessir risar hafa úrslitatökin í íslensku efnahagslífi og bein sambönd og samskipti inn í ríkisvaldið-bankakerfið-flokkakerfið og æðsta topp verkalýðshreyfingarinnar. Milli þeirra eiga sér stað ýmist átök eða samvinna sem kemur fram með ýmsu móti.

Með yfirráðum sínum yfir bankakerfinu geta þeir haft fullkomið yfirlit yfir önnur fyrirtæki og hindrað að þau fái nauðsynleg rekstrarlán ef einokunarherrarnir telja sér hag í því (mörg dæmi eru til um þessa aðferð). Með greiðum aðgang að ráðuneytunum (og með flokkssamböndum við æðstu menn þar) geta þessir einokunarherrar beitt fyrir sig ríkisvaldinu til að tryggja og efla yfirráð sín í atvinnulífinu.

Sunnumálið

Það er í þessu ljósi sem við verðum að skoða aðförina gegn Sunnu/ Air Viking, annars verður málið óskiljanlegt. Flugleiðasamsteypan (sem er meirihlutaeign aðeins 7 manna) er óhress yfir því að fjórði til fimmti hver íslendingur sem ferðast milli landa flýgur með Air Viking. Aðferðirnar sem notaðar voru gegn Sunnu/Air Viking eru einkennandi fyrir einokunarhring sem hyggst útrýma keppinaut. Nokkur dæmi um aðgerðir Flugleiða til að hnekkja rekstri Sunnu/Air Viking: 1. 1970 svipti samgöngumálaráðuneytið Sunnu flugrekstrarleyfi (sem Sunna fékk aftur). 2. Air Viking var synjað um flugleyfi til Kaupmannahafnar (þess ber að geta í þessu sambandi að umsókn Air Viking er send til Flugleiða til samþykktar eða synjunar). 3. Ferðaskrifstofunni Útsýn er att gegn Sunnu (en Útsýn er n.k. útibú frá Flugleiðum og er háð þeim og undir eftirliti þeirra) 4. Flugfargjöld til "sólarlanda" eru skyndilega lækkuð hjá Útsýn og Úrval (Úrval er eign Eimskip og Flugleiða, en Eimskip á aftur á móti 60% hlutabréfa í Flugfélagi Íslands) - tilgangurinn er að kippa fótunum undan Sunnu. Þessi aðferð, kölluð á útlensku "dumping", er dæmigerð fyrir einokunarhringi sem getur borið tímabundið tap til að ryðja keppinaut úr vegi. Fimmta dæmið er svo yfirstandandi aðför. Í herferð sinni hafa Flugleiðir notað jafnt bankana sem ráðuneytin auk eigin fyrirtækja.

En hvernig hefur Sunnu tekist að lifa af þessar árásir? Er Sunna útvörður frjálsrar samkeppni í þessu máli?

Í fyrsta lagi þá hefur Guðni í Sunnu verið lúnkinn að höfða til almennings og fjölmiðla (enda gamall blaðamaður) og einnig virðist hann þekkja til ýmissa hluta hjá mótherjanum sem illa þola dagsins ljós. M.a. hefur lekið í blöðin hvernig Flugleiðir bjóða háttsettum embættismönnum í ferðir til ýmissa landa. Guðna hefur tekist að hnekkja bæði flugrekstrarbanninu og banninu gegn Sunnu nú nýlega. En margt bendir til þess að Sunna eigi sér voldugan bakhjarl, nefnilega SÍS.

SÍS stundar margs konar rekstur - og á öllum sviðum stóratvinnurekstrs kveður mikið að Sambandinu. Eitt svið hefur þó verið undanskilið hingað til, þ.e. flug og ferðamál. Það er fremur ólíklegt að SÍS láti slíka gróðauppsprettu afskiptalausa (og hafa reyndar nýlega stofnað ferðaskrifstofu). Flogið hefur sú saga að Erlendur Einarsson forstjóri SÍS sé einn af eigendum Sunnu - ennfremur hefur fyrrverandi starfsmaður Sunnu lýst þeirri skoðun sinni við undirritaðan að Guðni hefði aldrei farið út í flugreksturinn nema með voldugan bakhjarl og það væri enginn til nægilega stór til að geta skákað Flugleiðasamsteypunni nema SÍS. En þetta er getgáta sem ekki er aðstaða til að sannprófa núna.

Önnur getgáta

Á sama hátt og Flugleiðir þá getur SÍS-auðvaldið togað í sína spotta í ráðuneytum og bankastjórnum. Þessi staðreynd leiðir hugann að því að þrátt fyrir að ýmislegt lauslegt bendi til þess að SÍS sé viðriðið Sunnu þá eru einnig teikn á lofti sem geta bent til hins gagnstæða - nefnilega að það sé SÍS en ekki Flugleiðir sem standa að baki yfirstandandi aðför gegn Sunnu. SÍS er nefnilega búið að stofna eigin ferðaskrifstofu, eins og fyrr sagði - og eins og sönnum einokunarhring sæmir, reyna þeir að gína yfir öllu ferlinu. Í þessu sambandi má skoða, hvernig Flugleiðir sjá um að flá ferðafólk: félagið selur farmiðana, skipuleggur ferðina og flýgur farþeganum á áfangastað, selur hótelrými og fæði og rekur einnig bílaleigu. Það nægir því ekki SÍS að reka ferðaskrifstofu - þeir ætla sér einnig gróðann af flugrekstrinum. Það þýðir ekki fyrir SÍS að reyna að skerða umsvif Flugleiða, vænlegasta leiðin er sú að taka yfir Sunnu og Air Viking. Og með sín tök, í ráðuneytunum, bankastjórnunum, og eign sinni á Olíufélaginu (ESSO) sem selur Air Viking eldsneytið, þá er SÍS fært um að koma þessum skollaleik í kring. Og með aðför að Sunnu - Alþýðubankanum (.) vinnur SÍS ekki aðeins þetta. Um leið tekst SÍS að rétta sinn hlut gagnvart ASÍ, sem er eigandi Alþýðubankans og Alþýðuorlofs. SÍS fór á

frh. bls. 2

# Greinin sem Þjóðviljinn hafnaði

Greinin sem hér birtist var upprunalega skrifuð til birtingar í Þjóðviljanum - enda tilurðar hennar að leita í skrifum þess blaðs. Greinin var send ritstjórninni í byrjun nóvember og stíluð á dálkinn "Orðið er frjálst" sem hefur birst af og til í blaðinu. Greinin lá síðan á ritstjórn Þjóðviljans í rúman mánuð - en var síðan hafnað án skýringa. Eins og sést á greininni þá fjallar hún um skrif Þjóðviljans um sósíalískt ríki, þ.e. Kína. Þjóðviljinn telur sig málgagn sósíalisma, en neitar að leyfa umræðu um málefni sem eru mjög brennandi fyrir framtíð sósíalismans - nefnilega klofninginn í heimshreyfingunni. Hið "frjálsa orð" hjá "málgagni sósíalismans" reynist innantómt orðskrúð þegar á reynir - minnir það óneitanlega á "blað allra landsmanna" - sem aldrei hefur rúm fyrir það sem ritstjórninni þar á bæ mislíkar. Þessi grein er ekki sú fyrsta sem Þjóðviljinn hafnar frá aðilum sem standa til vinstri við Alþýðubandalagið - og tæplega sú síðasta. Næst þegar Þjóðviljinn vælir yfir vonsku Morgunblaðsins þá skulu menn minnast þess að ritstjórn Þjóðviljans stundar sjálf þá iðju að útiloka skoðanir sem falla ekki í kramið hjá höfuðmálgagni endurskoðunarstefnunnar á Íslandi.

Þjóðviljinn lýsir því yfir í hverju eintaki að hann sé málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis. En þetta eru bara orð - það eru efndirnar sem máli skipta, og hversu stoltir sem menn eru af yfirlýsingum sínum þá eru það verkin sem tala.

Beint tilefni þess að ég tek mér penna í hönd eru skrif Þjóðviljans, "málgagns sósíalisma", um sósíalíska ríkið Kína. Þar höfum við verknaðinn sem ætti að gefa yfirlýsingunum innihald sitt.

Nú veit ristjórn Þjóðviljans mæta vel að ég er einn þeirra sem eru hættir að líta á Þjóðviljan sem sósíalískt blað. En samt freista ég þess að fá þessa grein birta á síðum blaðsins - vegna þess að ég veit að mjög margir sem telja sig sósíalista líta á blaðið sem sósíalískt blað. Og blað sem segist vera sósíalískt en ræðst jafnframt gegn sósíalismanum er öllu hættulegra en yfirlýst íhaldsblað sem auðvitað ræðst einnig gegn sósíalismanum í öllum mynd um. En það eru engir sem lesa Morgunblaðið í þeim tilgangi að finna þar sósíalískan málflutning. En þessu er öðruvísi farið með Þjóðviljann - sem beinlínis kynnir sig sem "málgagn sósíalisma."

Þjóðviljinn og Kína

Oft hefur Þjóðviljinn fjallað um Kína, og þótt ég hafi ekki tíma til að gera rannsókn á eldri árgöngum Þjv., þá þykist ég vita að fyrri skrif eru öllu betri en þau sem nú getur að líta. Skýringuna á því tel ég vera að finna í þeirri úrkynjun sósíalískrar hreyfingar hérlendis sem erlendis - úrkynjun sem hefur birst hvað skýrast í málflutningi þeirra flokka sem hafa aðhyllst kenningarnar um hina friðsamlegu, þingræðislegu leið til sósíalismans. Einn helsti bakhjarl þessara kenninga í nútímanum var Krúsjef og um ást Krúsjefs til Kína eru mörg dæmi. Hann reyndi á allan hátt að grafa undan efnahagsuppbyggingu landsins eftir að kínverski kommúnistaflokkurinn neitaði að hlýða fyrirskipunum frá Moskvu í einu og öllu. Þjóðviljinn er boðberi Krúsjefskenninganna og því í fullkominni andstöðu við afstöðu kínverskra kommúnista. Þannig lendir blaðið í andstöðu við sósíalíska uppbyggingu í Kína, og eitt skýrt dæmi um það verður tekið hér til meðferðar.

"Realpólitík" Þjóðviljans

Þetta dæmi er greinin "Realpólitík í Tíbet!" eftir e.m.j. og birtist 19. sept. s.l. Greinin er svo svæsin árás á Kína að það verður að leita langt til að finna samanburð - og greinin er birt í Þjóðviljanum athugasemdalaust af hálfu blaðsins sem lýsir sig fylgja sósíalisma. Sem vinur kínversku þjóðarinnar get ég ekki setið aðgerðalaus þegar svo afturhaldssöm árás er gerð í nafni sósíalismans!

E.m.j. lýsir því í upphafi greinarinnar að "um utanríkisstefnu kínverja er auðvelt að fjalla - en hugleiðingar um það sem er að gerast innan landamæra Kínaveldis geta því miður varla orðið annað en ágiskanir einar".

# Málgagn sósíalisma ?

Þetta er stórkostleg upplýsing fyrir lesendur - Kína er enn "hið lokaða Kínaveldi", engin leið er til þess að skilja gang mála. Og auðvitað er ekki nokkur ástæða til þess að treysta upplýsingum kínverja sjálfra. Þannig hugsar blaðamaður á Þjóðviljanum - en deyr samt ekki ráðalaus. Hann leitar sér heimilda hjá einum af þessum dæmalausu "kínasérfræðingum" (sá er franskur) og í danska blaðið "Information". En ég efast ekki um að það sem sagt er í greininni á sér sterkan hljómgrunn á ritstjórn Þjóðviljans, enda eru til fleiri skrif blaðsins um Kína sem bera því vitni. "Kínasérfræðingarnir" eru fyrirbæri sem vert er að gefa dálítinn gaum. Þetta eru mennirnir sem eru búnir að setja Maó Tse-tung minnst tuttugu sinnum í gröfina. Þeir sitja margir í Hong Kong með sín hlustunartæki, beina loftnetinu inn á meginlandið og upplýsa svo heiminn um "hið dularfulla ástand í Kína." Þeir eru óþrjótandi vitneskjubrunnur um átökin í flokksforystunni í Peking - og sumir þeirra eru á snærum CIA. Þetta er fríður flokkur, flestir þeirra eru slíkir "sérfræðingar" um málefni Kína að kínverjum dytti aldrei í hug að hleypa þeim inn í landið. Þeir hafa aðeins eitt verkefni; að reka áróður gegn Kína og þeir sérhæfa sig í því að rangtúlka á sinn "sérfræðilega" hátt það sem gerist í Kína.

Og e.m.j. greinarhöfundur er fullur samúðar með þessum mönnum. Í greininni er vandræðum þeirra lýst: "Reyndar verður alltaf að hafa það í huga þegar fjallað er um málefni Kína hve sáralítið unnt er að vita um ástandið þar... Þess er rækilega gætt að þeir komist ekkert út fyrir þann hring sem um þá er dreginn." E.m.j. upplýsir okkur um að franski "kínasérfræðingurinn" Simon Leys hafi reiknað það út að yfir 97% landsins væri alveg lokað og óþekkt land. Mér verður ósjálfrátt hugsað til vesal ings kínverjanna sem búa á þessum 97% landsins sem er óþekkt og lokað. Og það er stutt yfir í hugleiðingar um mennina sem "fundu" Ameríku, þrátt fyrir að milljónir indjána væru þar fyrir. Þetta er viss tegund af kynþáttastefnu sem gægist þarna fram.

Í beinu framhaldi af þessu er vert að minna á að margir vesturlandabúar hafa farið víða um Kína, inn á þetta "lokaða og óþekkta land." Nægir að nefna nöfn eins og Felix Greene, Edgar Snow og Jan Myrdal. E.m.j. ætti að víkka sjóndeildarhring sinn og lesa bækur þessara manna (Bókabúð Máls og menningar hlýtur að eiga einhverja þeirra), hann væri þá minna upp á aðra "kínasérfræðinga" kominn. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að e.m.j. viti um tilvist þessara rita - en kjósi samt að styðja sig við Simon Ley sem hefur fyrirfram lýst sig 97% óhæfan til að gegna "sérfræðigreininni." Það er vegna þess að e.m.j. er andsnúinn Kína - öll greinin er vitni þess.

Stórveldishagsmunir Kína - samkvæmt e.m.j.

Innan vinstri hreyfingarinnar hérlendis sem erlendis eru vissir hópar sem þreytast aldrei á því að útmála Kínverska Alþýðulýðveldið sem "gífurlegt stórveldi". Helstu iðkendur þessa hér á landi eru trotskistar sem nú ráða lögum og lofum innan Fylkingarinnar. Á síðum Neista má lesa upplognar greinar um afstöðu kínverja til Efnahagsbandalags Evrópu ásamt greinum sem eiga að lýsa "afbakaðri skrifræðisstjórn" Kínverska Alþýðulýðveldisins. E.m.j. stendur trotskistunum ekkert að baki, og hann er þeim fremri að því leyti að hann hefur Þjóðviljann með sín 10.000 eintök en Neisti kemur í tæpl. 2000.

Að mati e.m.j. eru "auðvelt að rekja afstöðu Kína í utanríkismálum til þeirra eigin stórveldishagsmuna". Síðan vendir hann sínu kvæði í kross og heimfærir ranga útlistun sína á kínverskri utanríkisstefnu upp á afstöðu pekingstjórnarinnar gagnvart Tíbet, þ.e. "minnihlutaþjóðflokknum" sem þar býr. Þannig er hringurinn lokaður - kínverjar reka afturhaldssama utanríkisstefnu og þeir kúga aðrar þjóðir - stórveldishagsmunirnir sitja alls staðar í fyrirrúmi.

Tíbet

E.m.j. byggir lýsingar sínar á ástandinu í Tíbet á Simon Ley og blaðamönnum Information. Niðurstaðan er sú að tíbetar séu kúguð þjóð innan "stórveldisins Kína." Kínverjar eru sakaðir um að hafa bælt niður menningu tíbeta, og að hafa komið á framförum með "valdboði utan frá." Nokkur sýnishorn úr grein e.m.j.: "Um þessar miklu framfarir er kannski ekkert nema gott að segja, en samt læðist sú spurning að manni hvað tíbetbúar hafi sjálfir um það að segja."

"Það er ekki síður hæpið ef ein þjóð fer að stimpla menningu annarrar sem "afturhaldssama" og ráðast á hana á þeim forsendum." "Nú er lamaisminn meginþáttur tíbeskrar menningar." Málið liggur ljóst fyrir e.m.j. þótt hann byggi grein sína á sögusögnum ("Nokkrar sögusagnir, að vísu óstaðfestar" - "Auk þess hafa gengið nokkrar sögur") og "sérfræðingum" sem hafa dæmt sjálfa sig úr leik fyrirfram.

Þetta eru engir smáglæpir em hér eru framreiddir, og kínverski sósíalisminn er ekki glæsilegur valkostur eftir þessa "sérfræðilegu" meðferð e.m.j. og liðsmanna hans.

En eigum við að láta hér við sitja? Væri ekki ráð að glugga ögn í sögu Tíbet, landsins þar sem þrælahald viðgekkst allt fram á okkar daga? Það vill nefnilega svo til að þessi lýsing sem við höfum lítillega kynnst hér er svo til samhljóða hinum fræga áróðri um "hertöku" Kína á Tíbet 1959, og verður reyndar að teljast hluti af þeim áróðri sem heimsvaldasinnar þyrluðu upp þá. Rykið er kannski enn að setjast, og finnur sér nú samastað á ristjórnarskrifstofum Þjóðviljans.

Stutt yfirlit yfir hið s.k. tíbetmál

Allar götur síðan 1949 er Alþýðulýðveldið Kína var stofnað, hefur "Tíbetmálið" lifað góðu lífi sem einn liðurinn í þeirri viðleitni að halda uppi goðsögninni um árásargirni Kína. Nokkur atriði hafa "gleymst", þ.e. hafa ekki hentað sem efniviður í blekkingarþokuna sem búin var til. Við skulum athuga nokkur dæmi:

1) Tíbet hefur verið hluti af Kína frá því um árið 1200.

2) 1904 réðust bretar inn í Tíbet, hertóku höfuðborgina Lasha og neyddu tíbeta til að gera verslunarsamninga og borga stríðsskaðabætur. Dalai Lama (þáverandi) flýði til Peking, en lenti í deilum við keisarann þar og fór þá á fund rússa (sem höfðu mikil áhrif á svæðinu) og breta. Hann reyndi að fá þá til að lýsa Tíbet sjálfstætt ríki undir sinni stjórn. Hvorug stjórnin vildi verða við óskum hans.

3) 1911 var keisaranum í Peking steypt og lýðveldi stofnað í Kína. Þegar þetta fréttist til Tíbet gerðu herdeildirnar þar uppreisn og steyptu embættismönnum keisarans úr stólum sínum. Við þetta braust út borgarastyrjöld og sá Dalai Lama sér færi á að snúa aftur til Lasha með breskan her sér til fulltingis. Hann endurreisti lénsveldið. Stjórnin í Peking sendi þá her til þess að sameina landið á ný, en hún neyddist til að draga herinn til baka er bretar höfðu í hótunum. Þannig sat Dalai Lama við völd undir verndarvæng bresku heimsvaldasinnanna.


4) 1943 viðurkenndu Bandaríkin Tíbet sem hluta af Kína, enda var Sjang Kai-sjek þá við völd. 1946 og 1948 sendi Tíbet fulltrúa á þingið í Peking (þá var bretavinurinn Dalai Lama dauður) og væri það harla einkennilegt að þjóð, sem telur sig sjálfstæða, sendi fulltrúa á þing annarra þjóða.

5) Það var fyrst eftir sigur þjóðfrelsisaflanna undir forystu kommúnista að Tíbet varð sérland í augum heimsvaldasinnanna. 1951 komu herdeildir úr þjóðfrelsishernum til Lasha eftir samningagerð milli stjórnanna í Peking og Lasha. Þetta var auðvitað ekki í samræmi við hagsmuni yfirstéttarinnar og heimsvaldasinnanna. Þess vegna gerði yfirstéttin uppreisn 1959 ásamt Kambasættflokknum (þessi ættflokkur er ekki nema að litlum hluta búsettur í Tíbet. Þeir stunduðu verslun og höfðu einokun á ýmsum verslunarleiðum).

70% af 642 aðalsættum Tíbet tóku þátt í uppreisninni, en aðeins 1% af heildaríbúafjöldanum. Þeir sem flýðu til Indlands eftir að uppreisnin var brotin á bak aftur, voru fólk af aðalsættum og munkar. Frá Indlandi var síðan dreift fréttum um þjóðarmorð kínverja á tíbetum eins og flestir muna.

Það sem síðan hefur gerst í Tíbet er það að fyrrverandi þrælar og ánauðugir bændur hafa tekið við stjórn landsins. Uppbyggingin er geysileg og ástandið hefur gjörbreyst frá því sem áður var. Menning tíbeta hefur blómgast við hagstæð skilyrði - á sama hátt hefur menning allra þjóðarbrota í Kína blómstrað undir kjörorðinu að láta hið gamla þjóna því nýja. Grein e.m.j. er ómerk þvæla í beinu framhaldi af lygaáróðri bandarísku heimsvaldasinnanna um Kína. Og staðreyndin er sú að þessi grein er í rauninni meiri heimild um eðli Þjóðviljans en um innanlandsástandið í Kína.

Hjálmtýr Heiðdal.





## TÍBET: frá þrælahaldi til frelsis

Mynd 1 og 2. Höfuðkúpur og handleggir af vinnandi fólki sem landeigendur söfnuðu.


Mynd 3. Tíbesku leiguliðarnir voru notaðir eins og hestar til að bera húsbændur sína.


Mynd 4. Tíbeskur leiguliði sem landeigandi hefur látið höggva af hægri handlegg. Aflimanir voru algengar í Tíbet. Landeigendur létu höggva nef og hendur af þeim sem þeir vildu refsa. Sárin voru síðan brennd í sjóðandi feiti.

Mynd 5. Eftir frelsunina. "Berfættur" læknir að störfum.

Mynd 6. Tíbeskur tæknimaður við Lhasa vélaverkstæði í Tíbet og verkamaður af Han-þjóðinni.

Mynd 7. Áður ánauðugir, nú frjálsir þátttakendur í uppbyggingu sósíalismans.












# ÍRLAND
# Official Sinn Fein

Nær daglega heyrum við fréttir frá Írlandi sem hljóða upp á stöðugar óeirðir, götubardaga og sprengjutilræði. Í þessum fréttum heyrum við gjarnan um írska lýðveldisherinn, IRA, og Sinn Fein. Hvað þessi nöfn standa fyrir og hvaða saga liggur á bak við þessar hreyfingar vita í raun sárafáir, þar sem fréttaflutningur frá Írlandi er oftlega rangur eða vill andi.

Írland var fyrir skiptinguna í Norður og Suður-Írland nýlenda breta og var um langan aldur nokkurs konar tilraunaland fyrir nýlendustefnu þeirra. Saga Írlands hefur því um langan aldur verið saga um baráttuna gegn heimsvaldastefnu og nýlendukúgun breta.

Árið 1916 var gerð í Dublin hin svo kallaða páskauppreisn. Áður en sú uppreisn var gerð höfðu írski lýðveldisherinn og írski borgaraherinn (sósíalísk hernaðarsamtök sem upphaflega voru stofnuð til verndar verkfallsmönnum gegn ofsóknum at**vinnurekenda og ríkisvalds), sameinast undir merki IRA. Leiðtog**inn var hinn mikli byltingarforingi og marxisti James Connolly. IRA tók á sitt vald aðalpósthús Dyflinnar og lýstu byltingarmennirnir yfir stofnun á írsku lýðveldi, fullvalda og óháðu. Páskauppreisnin var brotin á bak aftur af fádæma grimmd með ofurefli liðs. Allir leiðtogar byltingarinnar voru teknir af lífi í hópum og Connolly var fluttur helsærður á sjúkrabörum til aftökunnar og skotinn þannig.



Að ofan: Leiðtogi páskauppreisnarinnar, James Connolly.

Til hliðar: Denis Nolan.

Bretar tóku aftur á móti það ráð að búta landið í sundur, ala á trúarofstæki og héldu eftir beinni yfirstjórn helstu iðnaðarsvæðanna á Norður-Írlandi. En hvernig er ástandið í því sem nú er daglega kallað írska lýðveldið (þ.e. Suður-Írland)? Þar er ástandið algjörlega í samræmi við það sem James Connolly sagði þegar árið 1897: "Ef þið látið enska herinn fara á morgun og dragið græna fánann að húni á Dyflinnarkastala, án þess að tryggja sósíalískt skipulag lýðveldisins, þá verða fórnir ykkar tilgangslausar. England mun stjórna ykkur áfram. Það mun stjórna ykkur með auðmagni sínu, landeignum og fjármálamönnum, í gegnum verslunarkerfið og aðrar stofnanir sem þeir hafa komið fyrir í landinu."

Í dag líta írar á James Connolly sem þjóðhetju og er það ekki að ófyrirsynju.

Lýðveldisstjórnin sem situr í Dyflini er algjör leppur bretastjórnar og liggur hundflöt fyrir bresku auðvaldi. Fáránlegt er því að hugsa sér sameiningu landshlutanna undir núverandi stjórn. Aðeins eining verkalýðs beggja megin við landamærin megnar að leiða írsku þjóðina til frelsis.

Official Sinn Fein byggjast upp á þessari einingu og eru þau samtök sem leiða munu þjóðfrelsisbaráttu íra til sigurs.

---

Blaðamaður Stéttabaráttunnar var nýlega á ferð í Írlandi og tók þá viðtal við félaga úr Official Sinn Fein, Denis Nolan.

Blaðamaður spurði Nolan fyrst um það hverjar væru höfuðhreyfingarnar á vinstri vængnum á Írlandi.

Nolan: Það eru ekki í raun nema tveir höfuðflokkar á vinstri vængnum og er það Kommúnistaflokkur Írlands, sem er dæmigerður Moskvuflokkur, og Official Sinn Fein. Svo höfum við marga smáhópa sem eru algjörlega áhrifalausir og takmarkast eingöngu við háskólana, en það eru um tíu mjög litlir trotskistahópar, (tveir af þeim hafa samband við 4. alþjóðasamband trotskista), og Kommúnistaflokkur Írlands (marx-lenínistar). Eins og áður sagði eru þessir hópar áhrifalausir og hafa ekkert verkalýðsfylgi. Official Sinn Fein er stærsta vinstri aflið á Írlandi núna og eins og þú veist þá er til hópur sem keppir við okkur um nafnið Sinn Fein, en það er svokallaður Provisional armur Sinn Fein. Sannleikurinn er sá að í dag eiga Provisional armurinn og Official armurinn ekkert sameiginlegt. Provisional armurinn er hægri sinnaður þjóðernishópur sem notar ofbeldi í ríkum mæli gegn öllum sem berjast gegn þeim og verkamenn eru þar ekki undanskildir. Þessi ofbeldisstefna þeirra **hefur verið notuð gegn okkur af ríkisvaldinu** og margir okkar manna sitja nú í fangelsum þess vegna.

Stb.: Til hverra sækir Official Sinn Fein aðallega fylgi sitt?

Nolan: Official S.F. hefur sérstök hverfasamtök, sérstök bændasamtök og einnig tekur O.S.F. þátt í öllum framsæknum samfylkingum eins og Resources Protection Campaign. Official S.F. sækja því fylgi sitt að langmestu leyti til verkamanna og smábænda um allt Írland.

**Fréttamenn Stéttabaráttunnar á ferð**

Stb.: Hver er uppruni Official Sinn Fein?

Nolan: Sinn Fein var stofnað árið 1904 og voru þá mjög borgaraleg þjóðernissamtök, en árið 1932 var haldið Alþýðuþing þar sem saman voru komnir allir framsæknir hópar á Írlandi ásamt óflokksbundnum verkamönnum og bændum. Á þessu þingi var gert upp við hina borgaralegu stefnu og mótuð ný stefna. Sú stefna fól í sér að stefna ætti að þjóðlegu sjálfstæði og sósíalisma, sósíalisminn væri eina lausnin sem leitt gæti til frelsis og sjálfstæðis. Eining verkalýðs og bænda var leiðin sem fara skyldi, en ekki að etja saman "norður-írum og suður-írum."

Árið 1960 klofnar Sinn Fein, þeir sem þá stofna Provisional arminn gátu ekki sætt sig við þá stefnu að verkamenn og bændur í báðum landshlutunum ættu að sameinast í baráttunni fyrir frelsi og sósíalisma. Provisional armurinn er hægrisinnaður, og hefur með starfsaðferðum sínum rutt veginn fyrir borgarastyrjöld. Þeir vilja því etja saman alþýðu landshlutanna í blóðugri styrjöld, en það er ekki bara þarna sem mótsetning er á milli Provisional armsins og Official armsins, hún er á öllum sviðum.

Stb.: Hvað með blaðaútgáfu Official S.F.?

Nolan: Við gefum út þrjú höfuðblöð; United Irishmen (Sameinaðir írar), Irish People (Írsk alþýða) og Eochair (Lykillinn). United Irishmen kemur út mánaðarlega, en hin tvö vikulega. Lykillinn (að sósíalisma) er gefinn út með dálítið sérstökum og einstæðum hætti. Þeir sem skrifa í blaðið eru pólitískir fangar sem sitja inni í "Long Kesh". Við smyglum greinunum og fréttum út úr fangelsinu og prentum og gefum út blaðið fyrir þá.

Stb.: Og að lokum?

Nolan: Það var mjög mikilvægt skref sem stigið var í Official S.F. þegar við hættum að líta á ástandið sem átök milli kaþólikka og mótmælenda, en förum þess í stað að skoða verkalýð Írlands sem eina stétt sem hefði sameiginlega hagsmuni. Þetta styrkti okkur bæði pólitískt og starfrænt.

Ástandið núna er þannig að við erum ofsóttir af stjórnvöldum og Provisional arminum, við höfum því vopnaðan her Official IRA. Það er nauðsynlegt bæði vegna þess að við verðum að verja okkur gegn ofsóknum og einnig verðum við að vera viðbúnir fasískri þróun í landinu, en eins og áður sagði hefur Provisional armurinn rutt veginn fyrir því.

Að lokum vil ég senda íslenskri alþýðu baráttukveðjur í þorskastríði því sem þið eigið nú í við breska auðvaldið.

-/GM

FRAMHALD AF FORSÍÐU

## Sameining Vietnam

arinnar er reist á. Sameining Víetnams er mikill sigur fyrir frelsisöflin, ekki aðeins í Víetnam, heldur og í heiminum öllum, því hún sýnir að fátæk þjóð í litlu landi getur sigrast á auðugri og öflugri heimsvaldastefnu ef hún fylgir leiðum þjóðfrelsisstríðsins og alþýðubyltingarinnar. Fordæmi Víetnams er geysilega þýðingarmikið þeim fjölmörgu þjóðum 3. heimsins, sem í dag eiga við að etja heimsvaldakúgun og innbyrðis sundrungu af hennar völdum.

Ráðstefnan um endursameiningu Víetnams í Ho Chi Minh-borg 12.-21. nóv. 1975

Þann 21. nóvember var síðan gefin út sameiginleg ályktun fulltrúanefnda beggja ríkjanna, undirrituð af Truong Chinh og Pham Hung. Í henni segir m.a.:

"Ráðstefnan er einróma um að víetnamska byltingin hefur nú haldið út á brautir sameiginlegs starfs alls landsins fyrir sósíalískri byltingu og fyrir uppbyggingu nýs sósíalisma. Þjóðlegt sjálfstæði, endursameining og sósíalismi er allt saman nátengt. Sósíalisminn og sú stefna að halda áfram brautina og ófrávíkjanleg framþróun þessa skeiðs, er eina leiðin til að halda sjálfstæði og sameiningu til frambúðar, eina leiðin til að gera land vort sterkt og blómlegt með nýtískulegum iðnaði og landbúnaði, öflugum landvörnum og þróaðri menningu og tækni. Þannig getum við tryggt hamingju og velferð okkar allra, barna okkar og komandi kynslóða. Ráðstefna samþykkti einróma að nauðsynlegt væri að efna til almennra kosninga í öllu Víetnam, í því skyni að kjósa þjóðþing fyrir allt landið. Kosningar eiga að fara fram á miðju ári 1976, í samræmi við grundvallarreglurnar um lýðræðislegar, almennar, jafnréttar, beinar og leynilegar kosningar. Tala þjóðþingsfulltrúa skal vera í samræmi við íbúatöluna. Einn fulltrúi skal valinn fyrir hverja 100.000 íbúa. Þjóðarkjörráðið mun sjá um framkvæmd kosninganna, en í því eiga sæti jafnmargir fulltrúar frá báðum hlutum landsins."

Í viðtali við sænska sjónvarpið lýsti Ngyuen Huu Tho því yfir, að "eftir undanhald bandarísku heimsvaldasinnanna og algjört hrun leppstjórnar þeirra, væri enginn kraftur til í veröldinni, sem gæti hindrað endursameiningu Víetnams." Víetnamska þjóðin hefur vissulega unnið glæsilega sigra og gefið stríðandi alþýðu heimsins fordæmi í baráttu sinni, en hún þarfnast enn aðstoðar til að byggja upp sósíalismann. Þess vegna verða íslenskir andheimsvaldasinnar og stuðningsmenn víetnömsku alþýðunnar að halda stuðningsstarfi sínu áfram.

-/KG

# Frelsun konunnar í Kina

Maó formaður sagði 1964: "Tímarnir hafa breyst. Í dag eru karlar og konur jafnrétthá. Allt það sem karlfélagar geta innt af hendi, eru konurnar jafn færar um."

Slíkt tímabil er runnið upp í Kína. Vinnandi konur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í hinum margvíslegustu störfum í Kína, í byltingunni og sósíalísku uppbyggingunni. Fjöldi kvenmanna er í flokksnefndum og byltingarráðum á öllum stigum. Ennfremur eru kvenfélagar í miðstjórn flokksins. Á seinasta landsþingi Kommúnistaflokksins var rúmlega 20% fulltrúa konur.

Að undanskildum störfum sem eru líkamlega útilokuð, eru allar starfsgreinar opnar fyrir kvenfólki. Hlutur kvenna í störfum lækna, kennara, vélfræðinga, tæknimanna o.s.frv., fer sífellt vaxandi. Eftirfarandi grein er eftir eina þeirra kvenna sem risið hafa til forystu í Nýja-Kína, og brotið á bak aftur alla fordóma um ævarandi verkaskiptingu kynjanna. Lu Yulan er nú 34 ára gömul. Hún hefur unnið verkamannastörf á samyrkjubúi allt frá barnæsku, og verið leiðandi í flokkssamtökunum á búinu. 1969 var hún kjörin í miðstjórn KFK.

Ég hef alist upp í nýju þjóðfélagi. Þorpið mitt - Tungliushanku í Hopeihéraði - var frelsað árið 1945 þegar ég var fimm ára gömul. Eins og drengirnir förum við stúlkurnar í skóla. Að loknum barnaskólanum stundaði ég sveitavinnu. Jafnframt því hóf ég byltingarsinnað starf og fagnaði hugsjóninni um uppbyggingu nýrra sósíalískra sveita.

Margar venjulegar verkakonur í heimahéraði mínu hafa þroskað sig og orðið leiðandi félagar. 30% af flokksfélögum og starfsmönnum ríkisins í héraðinu eru nú konur og margar þeirra eru í forystustörfum á hinum ýmsu sviðum. Þetta sýnir stöðu kvenna í Nýja-Kína. Til jafns við karlmenn taka konur þátt í ríkismálefnum. Þær hafa verið leystar undan undirokuninni stjórnmálalega.

### Breytingar á þjóðfélagi og fjölskyldu

Leiðin til frelsunar konunnar var torsótt. Í fyrstu skildu sumir ekki tengslin milli bættrar aðstöðu kvenna innan fjölskyldunnar og þátttöku þeirra í stéttabaráttu þjóðfélagsins. Þeir héldu að þegar konur hefðu fengið vald innan fjölskyldunnar væri takmarkinu náð. Til að ná fram réttindum sínum lentu konur oft í deilum við tengdafeður sína, tengdamæður og eiginmenn.

Flokkurinn lét kvenfólk nema kenningar Maós um frelsun konunnar. Hann benti á á 5. áratugnum: "Raunverulegu jafnrétti milli karla og kvenna er aðeins hægt að koma í framkvæmd í framrás hinnar sósíalísku umbreytingar þjóðfélagsins sem heildar."

Þetta hjálpaði konum til að öðlast meiri víðsýni. Þær skildu að skilyrðið fyrir að ná fram raunverulegu frelsi konunnar var að meta hlutina út frá þjóðfélaginu öllu.

Fjölskyldan er grunneining þjóðfélagsins og aðeins með því að breyta þjóðfélaginu er hægt að breyta fjölskyldunni. Eftir að kvenfólk hefur fengið réttmæta stöðu innan þjóðfélagsins, fylgja breytingar á fjölskyldutengslum á eftir. Jafnrétti karla og kvenna kemst í framkvæmd.

Ég tók þátt í kvennastarfi í þorpinu mínu árið 1955. Eftir að ég hafði rætt málin við fátæka og miðlungs bændur, stofnuðum við samyrkjubú. Ég taldi einnig konur á að fara út og taka þátt í hinni sameiginlegu framleiðslu. Á þeim tíma héldu sumir enn í þá gömlu skoðun að "maðurinn færi niður í þorpið en konan ætti að vera heima." Slíkir menn voru á móti allri virkni kvennanna í framleiðslunni.

Í einni fjölskyldu var nýgift stúlka. Tengdafaðir hennar var mjög strangur og vildi ekki leyfa henni að vinna úti. Ég var vön að heimsækja þau á kvöldin til að læra sauma af stúlkunni. Ég notað tækifærið og útskýrði fyrir þeim þýðingu frelsunar kvenna. Stúlkan var mjög glöð yfir þessu, og fór skömmu síðar að taka þátt í samyrkjuvinnunni. Hún vann vel og fékk sín laun eins og karlarnir. Tengdafaðir hennar og eiginmaður settu sig ekki lengur upp á móti þessu. Þannig tóku sífellt fleiri konur þátt í framleiðslunni með vaxandi áhuga.

### Breytt efnahagsleg staða kvenna

Daginn út og daginn inn voru konur sem áttu börn bundnar við húsverkin. Samyrkjubúskapurinn breytti hinum gömlu framleiðsluafstæðum. Með þróun alþýðukommúnanna hefur stöðugt meiri velferð og kvenna- og barnahjálp komist á, og þjónusta heilbrigðisstofnana verið stórbætt. Barnaheimilum hefur stórfjölgað.

Samhliða þessu hafa kommúnurnar gert húsverk að miklu leyti félagsleg og skapað þannig skilyrði fyrir því að konur gætu tekið þátt í framleiðslunni. Konur sem starfa í samyrkjunni fá greidd sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar. Efnahagsleg staða kvenna hefur við það gjörbreyst.

Fjölskylduböndin hafa ennfremur tekið breytingum. Tökum dæmi: Lin fjölskyldan telur 13 meðlimi, sem heyra til fjögurra kynslóða. Laun kvennanna í fjölskyldunni eru samanlagt meiri en karlanna. Þetta hefur breytt venjum hins gamla þjóðfélags, þar sem konurnar báðu manninn um þá peninga sem þær þörfnuðust. Öll meiri háttar eyðsla fjölskyldunnar nú er ákveðin með lýðræðislegum umræðum. Þannig hefur efnahagsleg undirokun breyst í frelsi og jafnrétti á við karlmenn.

### Þær vaxa í baráttunni

Mjög mikilvægt fyrir frelsisbaráttu kvenna, er að þær séu vel meðvitaðar og taki þátt í pólitísku baráttunni. Vegna áhrifa gamalla hugmynda og siða voru hér áður fyrr ekki margar konur virkar í stjórnmálastarfi og stéttabaráttu. En með því að hella sér út í baráttuna og sýna sig heiminum, hafa konur öðlast betri skilning á byltingarsinnuðum meginreglum og hækkað meðvitund sína um stöðu kvenna og önnur þjóðfélagsmál.

Margir karlmenn í landinu okkar hafa vaxið og þroskast í rás pólitísku baráttunnar. Tökum dæmi 5 kvenfélaga flokksnefndarinnar í héraðinu okkar. Hin 37 ára gamla Hei Yueh-ching sem er af Hui þjóðerni hafði forystu fyrir fátækum bændum af Hui við að byggja upp alþýðukommúnur árið 1958. Þetta olli miklum framförum í búskap öllum. Hún hefur þroskast í mjög ágætan flokksstarfsmann. Hsía Hsíu-mei, Yang Ai-lien og Yang Hsíu-chih eru 21 og 22 ára gamlar. Í menningarbyltingunni háðu þær mjög skörulega baráttu gegn undirróðursmönnum Líu Shao-chi klíkunnar. Þær afhjúpuðu og gagnrýndu glæpi hennar og vörðu byltingarstefnu Maós formanns.

Þegar flokksnefndin hér var endurskipulögð um 1960, var ég valin ritari. Skömmu síðar hófu ríkir bændur áróður þess efnis að "ef kona væri í forystu, hættu trén að vaxa" og "að það hefði slæmar afleiðingar ef kona væri í forsæti." Á sama tíma gerðu þeir lísti yfir "glæpi" mína í örvæntingarfullri tilraun til að koma mér úr starfi. Eftir að hafa numið kenningar Maós: "Hvað er starf? Starf er barátta," varð mér ljós tilgangur þeirra. Þeir voru ekki að ráðast gegn mér persónulega, heldur hinni sósíalísku leið sem ég og fátækir bændur fylgdu. Ég varð ákveðin að berjast gegn þeim af öllum kröftum og með stuðningi alþýðunnar voru þeir yfirbugaðir. Eftir reynsluna í þessari baráttu hefur starf búsins gengið betur, og ég hef einnig þroskast og lært meira.

-/MVS þýddi og endursagði

STYÐJIÐ UPPBYGGINGU KOMMÚNISTAFLOKKSINS
Gefið í baráttusjóð KSML
Póstgíró 42000

# ÓKINDIN

## Einstaklingshyggjan hafin upp til skýjanna

Laugarásbíó sýnir um þessar mundir kvikmyndina Ókindin, sem gerð er eftir samnefndri skáldsögu Peters Benchleyghs. Myndin hefur hlotið metaðsókn hvarvetna þar sem hún hefur verið sýnd.

Söguþráðurinn er í stórum dráttum þessi: Risavaxinn mannætuhákarl gerir árásir við strendur vinsæls sumarleyfisstaðar, skömmu áður en aðalferðamannastraumurinn hefst, en bærinn byggir afkomu sína á ferðamönnum.

Roy Scheider er heiðarlegur lögregluforingi ( sem mörgum finnst ekki geta farið saman), sem ákveður að loka baðströndunum strax og hákarlsins verður vart. Hann er hindraður í því að kaupmönnum staðarins, sem vilja halda tilveru hákarlsins leyndri, en þeir sjá fram á fjárhagslegt hrun ef ferðamenn verða fældir í burtu. Eftir að tveir höfðu verið étnir í viðbót, verða allir sannfærðir um að eitthvað verði að gera.


Tilboði gamals, harðnaðs og sjóreynds skipstjóra er tekið: Hann býðst til að drepa hákarlinn fyrir 10.000 dollara. Hinar tvær aðalhetjurnar, lögregluforinginn og haffræðingur nokkur frá hafrannsóknastofnuninni ganga í lið með honum. Eftir all mikla og "hetjulega" viðureign tekst þeim að ráða niðurlögum ókindarinnar.

Sú heimsmynd sem birtist í myndinni er sú, að karlmenn eru karlmenn, konur skipta engu máli, samviskusamir lögreglumenn eru hafnir upp til skýjanna og borgaraleg einstaklingshyggja er sýnd sem eðli mannlegrar reynslu. Karlmennirnir vinna sín verk meðan eiginkonur gæta barna. Sýnt er hið einkennandi karlmannasamfélag, menn sitja að drykkju, monta sig af örum sem þeir hafa hlotið í hinum ýmsu mannraunum o.s.frv., en konur fá þar ekki inngöngu.

Einstaklingurinn eða fjöldinn

Það sem er e.t.v. mest sláandi við Ókindina er það hvernig mótsetningin milli mannsins og náttúrunnar er leyst. Er þjóðfélag stendur andspænis náttúruógnum - og mannætuhákarl við baðstrendur er vissulega slíkt fyrirbrigði - segir borgaralega þjóðfélagið okkur að við verðum að treysta á hæfni og hugrekki eins eða annars hæfileikaríks einstaklings.

Ef við skoðum þær aðferðir sem kínverjar nota til að berjast gegn náttúruhamförum eins og t.d. jarðskjálftum - þ.e. hinar samfélagslegu aðferðir, þar sem allur fjöldinn er virkjaður á þann hátt að sem minnst mann- og efnahagsleg tjón hljótist af - þá birtist okkur í Ókindinni (óviljandi af hálfu kvikmyndaframleiðendanna) hin stórkostlega mótsögn milli þessara tveggja ólíku þjóðfélaga, kapitalismans og sósíalismans. Einstaklingurinn sem yfirvinnur alla erfiðleika upp á eigin spýtur og öðlast sigur, er ein af langlífustu þjóðsögum kapitalismans, hugarburður sem vex ekki aðeins út frá borgaralegu verðmætamati, heldur er innig notaður meðvitað til að




viðhalda núverandi framleiðsluafstæðum með því að láta verkafólk finnast það eiga sjálft sök á stöðu sinni í framleiðslunni, launaþrælkun og bágum efnahag.

Ókindin er eitt af þessum menningarfyrirbrigðum, sem virðast við fyrstu sýn vera lítið annað en saklaus hrollvekja, En hákarlar verða ekki yfirunnir af þessum misheppnuðu brilliantinsmurðu karlhetjum, því það eru ekki þeir sem eru gerendur sögunnar, heldur allur fjöldinn. Ef þessi holdíklædda þjóðsaga er skoðuð á tíma auðvaldskreppunnar, þá þjónar Ókindin borgarastéttinni út í ystu æsar.

ISJ þýddi og endursagði úr Guardian

# Þjóðviljinn og Angola

Það virðist vera orðinn fastur liður hjá skríbentum Þjóðviljans er fjalla um Angólamálið (þó ekki í beinum fréttagreinum) að ljúka greinunum með lúmskri árás á Alþýðulýðveldið Kína og afstöðu þess í þessu máli. Nýlega hefur blaðamaðurinn Þröstur Haraldsson skrifað tvær greinar um Angólamálið sem báðar hafa endað með umfjöllun um þátt kínverja. Út af fyrir sig er ekkert sem bannar mönnum að vera gagnrýnir á afstöðu Kína - en það sem hefur vakað fyrir Þ.H. er að koma Kína í flokk með Suður-Afríku og USA. Þ.e. hann stundar sömu iðju og sovétstjórnin. Það er annar þáttur þessa máls sem fær lítið rúm á síðum Þjóðviljans, nefnilega umfjöllun um framferði Sovétríkjanna og raunverulega afstöðu Kína í Angólamálinu.


Loks var Castro spurður álits á stefnu kínversku stjórnarinnar í málefnum Angólu. — Hlutur kínverja í Angólu er mjög slæmur og dregur þá í dilk með hinni erkiafturhaldssömu stjórn Suður-Afríku. Stefna kínverja minnir á háttalag þeirra hér í Rómönsku Ameríku þar sem þeir hlaða undir fasistaklíkuna í Chile, sagði Fidel Castro.

—ÞH

Meðal þeirra sem eru kallaðir til vitnis um afstöðu Kína er Fidel Castro, og ekki ber hann þeim vel söguna (sjá úrklippu). En þáttur Castrós í þessu máli skilst betur þegar haft er í huga að hann hefur lýst yfir stuðningi við innrásina í Tékkóslóvakíu á sínum tíma. Hann talar því eins og sovétstjórnin vill hverju sinni. Sama er að segja um Þjóðviljann. Það sem Þjóðviljinn þegir yfir eru ýmsar staðreyndir málsins sem eru til þess fallnar að fólk átti sig á tilgangi þeirra með vopnasendingunum til MPLA. Það vill nefnilega svo til að Sovétríkin voru hætt að senda frelsishreyfingunum þremur vopn löngu áður en bar áttunni við portúgali lauk. Hinar stórfelldur vopnasendingar sem sovétstjórnin hóf komu eftir að portúgalir hurfu á braut, áður en S-Afríka gerði innrás, áður en bardagar milli MPLA, FNLA og UNITA hófust.

Þ.e.a.s. á meðan á sjálfri frelsisbaráttunni stóð þá gátu Sovétríkin ekki séð af vopnum - hvað þá þeim fullkomnu vopnum sem nú streyma að. Og það er vert fyrir alla þá sem hallast að málflutningi Þjóðviljans í þessu máli að íhuga þátt sovétstjórnarinnar í öðrum málum. HVAR VAR STUÐNINGUR SOVÉTSTJÓRNARINNAR VIÐ FRELSISBARÁTTUNA Í KAMBÓDÍU? HVER ER AFSTAÐA SOVÉTSTJÓRNARINNAR TIL FASÍSKRA AÐGERÐA INDIRU GANDHI? HVERJIR KÚGA TÉKKÓSLÓVAKÍU Í DAG?

Í ljósi þessara atriða kemur það skýrt fram að Sovétríkin eru ekki úti eftir því að styðja frelsisbaráttu angólabúa - sá sem því trúir hefði einnig getað trúað áróðri Hitlers um friðarvilja nasistanna.

Í stað þess að ljúga sífellt og rangfæra afstöðu Kína - sem vel að merkja studdi baráttuna í Angóla allt frá upphafi og gerir enn og var einn helsti stuðningsaðili baráttunnar í Kambódíu sem og Indókína öllu - þá væri Þjóðviljanum nær að fjalla um þátt sovétstjórnarinnar í málinu.

-/hh

Áskriftagjöld Stéttabaráttunnar verða óbreytt fyrri helming 1976. Ástæðan er fyrirhuguð útgáfutíðni - tvisvar í manuði. Við skorum á alla sem eiga ógreidd gjöld að senda greiðslu sem fyrst.

Nú fer hver að verða síðastur til að borga áskriftina fyrir STÉTTABARÁTTUNA 1975. Enn eru nokkrir sem hafa trassað skil. Borgið inn á gíró 27810 sem fyrst.

| | |
|---|---|
| Venjuleg áskrift kr. | 600,- |
| Stuðningsáskrift - | 800,- |
| Baráttuáskrift - | 1000,- |

# Baráttan gegn NATO



Að ofan: "Sáttasemjarinn" í landhelgisdeilunni, Jósef Luns, gengur á vit íslensku íhaldsstjórnarinnar.

Að neðan: Dreifiritið, sem baráttuhópur verkamanna og námsmann dreifði er hann sótti Natómanga heim. Aðgerðin, sem var í beinu framhaldi af lokun grindvíkinga, hornfirðinga og keflvíkinga á nokkrum NATO-herstöðvum hér á landi, varð til þess að borgarapressan vissi ekki í hvorn fótinn hún átti að stíga. Hún steig því bara í hvorugan.

## NATO BURT AF ISLANDI

Í dag, 15. janúar 1976, hefur hópur manna farið inn á skrifstofur NATO á Íslandi að Garðarstræti 42, Reykjavík. Af okkar hálfu, sem að þessum aðgerðum stöndum er tilgangurinn sá að stöðva þá starfsemi NATO sem þarna fer fram. Aðgerðin er friðsamleg, ofbeldi verður ekki beitt né skemmdarverk framin.

Með setuaðgerð í aðalstöðvum NATO í Reykjavík viljum við:

- mótmæla innrás breska NATO-flotans í íslenska landhelgi sem er árás á landið
- mótmæla síendurtekinni íhlutun NATO í íslensk málefni sem heimsókn Jósefs Luns og afskipti hans af landhelgismálinu eru dæmi um
- mótmæla því að hér á landi skuli rekin áróðursmiðstöð fyrir NATO sem aðsetur hefur í þessu húsi að Garðarstræti 42
- mótmæla aðild Íslands að NATO og bandarísku NATO-herstöðvunum sem veita bretum njósnaaðstoð í landhelgisstríðinu, sbr. þjónusta fjarskiptastöðvarinnar í Grindavík við Nimrod-þoturnar.

Síðast en ekki síst viljum við mótmæla þeim skrípaleik sem nú er verið að setja á svið af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar og yfirstjórnar NATO með Jósef Luns í broddi fylkingar. Sýnilegt er að NATO mun aldrei færa íslenskri alþýðu neinn sigur í landhelgismálinu; nú á að "sættast", herskipin hverfa úr landhelginni og ríkisstjórnin semur við breta um verulegt aflamagn, sem henni er síður en svo á móti skapi. Luns mun færa breska útgerðarauðvaldinu vel yfir 65 þúsund tonn af fiski af Íslandsmiðum og auðvelda íslensku ríkisstjórninni að semja um það aflamagn, þvert ofan í margyfirlýstan vilja fólksins í landinu. Síðan á að telja öllum almenningi trú um að NATO hafi verið okkar sterkasta vopn í landhelgisdeilunni.

Luns er ekki hingað kominn til að tryggja eða gæta hagsmuna íslenskrar alþýðu, hann er hér til að sætta stríðandi öfl innan hernaðarbandalags síns.

Atburðir þorskastríðsins sýna okkur enn einu sinni að enginn styrkur er af verunni í NATO né af herstöðvum þess. Enda er það löngu kunn staðreynd að þessir aðilar gæta einungis hagsmuna auðvaldsins og er ætlað að tryggja því áframhaldandi aðstöðu til arðráns og óskerts gróða.

Barátta okkar fyrir verndun fiskimiðanna og gegn samningum um veiðiheimildir bretum til handa er því jafnframt barátta gegn NATO og bandarísku herstöðvunum og því heimsauðvaldi sem að baki býr.

Mótmælaaðgerðir okkar eru hluti af þeirri öldu mótmæla sem nú fer um landið gegn undansláttarsamningum um lífshagsmuni þjóðarinnar, gegn NATO og herstöðvunum.

Við hvetjum alla alþýðu til áframhaldandi baráttu og að láta hvergi deigan síga.

Baráttuhópur verkafólks og námsmanna

# Ævisaga Stalins

Skömmu fyrir jólin kom út bókin Stalín, eftir J. T. Murpy. Útgefandi bókarinnar er Kristján Júlíusson, en Rauða stjarnan annast dreifingu hennar.

Rit þetta er ævisaga Stalíns. Þó er hún ekki ævisaga hans eingöngu, heldur miklu fremur saga rússnesku byltingarinnar og spannar yfir tímabilið frá upphafi byltingarhreyfingarinnar til loka seinni heimsstyrjaldarinnar. Enda verður ævisaga Stalíns aldrei sögð, nema samtvinnuð sögu byltingarinnar, svo tengdur er hann byltingarhreyfingunni allt frá fyrstu tíð.

Þessi ævisaga er ekki lofgerðarrulla í þjóðsagnastíl, heldur raunsæ frásögn. Höfundurinn vegur og metur það sem hann fjallar um, dregur sínar eigin ályktanir af atburðunum.

Hann dvaldist sjálfur í Leníngrad á tímum byltingarinnar og lengur raunar í Sovétríkjunum, svo hann hefur kynnst mönnum og málefnum af eigin raun. Einnig var hann einn af leiðtogum enskra kommúnista.

Jósef Stalín er sá frumkvöðla marxismans, sem mest hefur verið rægður og níddur. Krúsjoff ásakaði hann "persónudýrkun, grimmd, ofbeldi, einræði" og fleira í þeim dúr. Trotskí og hans fylgismenn sökuðu hann um "svik við byltinguna, grimmd, einræði" og meira að segja, að hann væri haldinn "sjúklegum kvalalosta, því hann hefði svo gaman af því að blása pípureyk framan í smábörn."! Auðvaldsheimur vesturlanda hefur ekki látið sitt eftir liggja. Til þess þarf ekki annað en að lesa mannkynssögubækur á íslensku, þar sem allar lygar, hvort sem þær eru sagðar af Trotskí, Krúsjoff eða borgaralegum "sagnfræðingi". eru tuggðar upp.

Hvers vegna hefur einmitt Stalín verið rægður svona? Það er gert lítið úr efnahagsundrunum á stalínstímanum, það er gert lítið úr sigrum Rauða hersins yfir fasistaherjum Hitlers o.s.frv.

Sovétríkin eru fyrsta ríkið sem fetar brautir sósíalismans. Óumdeilanlegur foringi þeirrar framkvæmdar er Stalín, að Lenín látnum. Borgaraleg öfl hata ekkert eins mikið og sósíalismann í framkvæmd, því það afhjúpar kenningar þeirra um að marxisminn sé kredda, sem ekki fái staðist í raunveruleikanum. Þess vegna var tekið á móti fyrsta verkalýðsríkinu með ofbeldi, en þegar það mistókst, var beitt andsovéskum áróðri. Lokatilraun borgaralegra afla, eftir að Trotskí og Hitler hafði mistekist, var svo gerð af Krúsjoff, þegar hann rændi völdum og þá hófst umbreyting frá sósíalisma til kapitalisma. Krúsjoff var það nauðsynlegt að ráðast gegn Stalín, en um leið afhjúpaði hann sjálfan sig. Þessi bók tekur upp þessar helstu árásir á Stalín og gerir þeim skil, með því að segja það sem sannara er.

Þessi bók segir fyrst og fremst frá atburðum og þeir eru látnir útskýra samhengið og söguna. Borgaralegir sagnfræðingar og aðrir fjalla um stjórnmál forfíðar og líðandi stundar, gefa mönnum hins vegar einkunnir og meta síðan söguna út frá þeim einkunnum, sem eru í raun þeirra eigin hugarburður.


Ekki verður skilið við þessa bók án þess að þakka útgefandanum framtak sitt og þýðandanum, Sverri Kristjáns syni fyrir stórmerka þýðingu.

Í vaxandi auðvaldskreppu með örbirgð og atvinnuleysi að fylgifiskum, er vert fyrir alþýðu að kynna sér sögu sósíalismans í framkvæmd. Til þess er þessi bók vel fallin, ekki síst þar sem verk Stalíns lýsa sér í sósíalískum ríkjum nútímans.

-/eb




# LOKANIÐURSTÖÐUR




Ný liggja fyrir úrslitin í áskriftaherferð STÉTTABARÁTTUNNAR sem stóð allt síðastliðið ár. Markið sem við settum okkur var 100% fjölgun á áskrifendum blaðsins - og það tókst og aðeins betur. Lokatalan varð 100,04%. Þessi aukning hefur fært okkur nær þeim áfanga að gera blaðið að hálfsmánaðarblaði. En það vantar enn herslumuninn - og nú hefur ritstjórnin undirbúið nýja sókn, þar sem stefnt verður að því að safna 200 nýjum áskrifendum fyrripart þessa árs. Sjá nánar um það ofar á síðunni.

## GERIST ÁSKRIFENDUR!

## Tillaga að ályktun

# Um lýðræði og þingræði

I

1. Sú pólitíska yfirbygging sem borgarastétt auðvaldslandanna hefur skapað sér til að tryggja drottnun sína yfir framleiðslutækjunum, ríkisvaldið, hefur á Íslandi og víðar birst í mynd hins borgaralega lýðræðis- og þingræðisríkis.

2. Þessi gerð ríkisvalds borgaranna hefur þróast úr lýðræði sem einungis viðurkenndi "hið frjálsa einkaframtak" og náði því aðeins til hinna ýmsu hópa burgeisastéttarinnar sjálfrar í pólitíska eftirgjöf gagnvart baráttu verkalýðsstéttarinnar.

3. Andsvar borgarastéttarinnar við vaxandi baráttu verkalýðsstéttarinnar fyrir hagsmunum sínum, þegar verkalýðsbyltingin er orðin óumflýjanleg nauðsyn, hefur í flestum löndum orðið aðferð tilslakana, að veita svigrúm til handa baráttu verkalýðsins - samtaka-, funda-, mál-, prentfrelsi o.s.frv. - án þess að skerða alræði burgeisanna hið minnsta.

4. Til samræmis við breytingu auðvaldsins í deyjandi og rotnandi auðvald er lýðræðislega þingræðisríkið nú orðið einn helsti ásteytingarsteinn þjóðfélagsþróunarinnar

5. Höfuðstoðir þeirrar svikamyllu sem borgaralega lýðræðisríkið er, eru:

a) Skilið er á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þrátt fyrir að framkvæmdarvaldið sé í orði kveðnu ábyrgt gagnvart þinginu, þá er það í raun valdalaus kjaftasamkunda til þess ætluð að draga lýðinn á tálar, á meðan raunverulega, daglegar ákvarðanir eru teknar af embættismönnum ráðuneytum, ríkisbönkum o.s.frv.

b) Mikilvægur liður í blekkingarleik borgarastéttarinnar eru þingkosningar á tilteknu árabili. Þá er alþýðu manna talið trú um að hún hafi bein völd. En þess er ekki gætt að verið er að kjósa til valdalausrar kjaftasamkundu en ekki starfandi fulltrúa sem ábyrgir eru gagnvart kjósendum sínum.

c) Allt fjármagn er í höndum borgarastéttarinnar og prentfrelsið í borgaralega lýðræðisríkinu takmarkast af því. Þannig hefur borgarastéttin í raun alla yfirburði og í dag nánast einokun á öllum áróðurstækjum og skoðanamyndun.

d) Í stað þess að snúast opinskátt gegn baráttu og hreyfingu verkalýðsins reynir borgarastéttin að lama hana innan frá. Hún laumar hugmyndum sínum inn í verkalýðshreyfinguna gegnum mútuþægan "verkalýðsaðal" og leitast við eftir föngum að breyta verkalýðsflokknum í hættulausan umbótaflokk. Ávöxtur þess er sósíaldemókratíið, þjóðfélagsleg meginstoð burgeisastéttarinnar.

6. Borgaralega lýðræðis- og þingræðisríkið er þannig ein aðferð borgarastéttarinnar til að viðhalda alræði sínu. Það [er] aðferð blíðmælgi og tilslakana, að gefa og taka, deila og drottna. En borgarastéttin á sér einnig aðferð ofbeldis og kúgunar til að viðhalda þessu alræði, aðferð fasismans.

7. Við vissar pólitískar og efnahagslegar aðstæður verður hættan á því að borgarastéttin grípi til ofbeldisins, fasismans, yfirvofandi. Upplausn efnahagslífsins, vaxandi skipulagning verkalýðsins, pólitísk kreppa af þeim sökum í herbúðum auðvaldsins. Það missir tökin á stjórn þjóðfélagsins með gömlu aðferðunum samtímis því sem verkalýðurinn getur enn ekki gripið völdin, allt þetta leiðir til þess að opinskátt ofbeldi og fasismi verður örþrifaráð borgarastéttarinnar.

II

8. Þær lýðræðiskröfur sem hinn kommúníski byltingarflokkur hlýtur að veita mesta athygli um þessar mundir og verður að setja á oddinn, eru í fyrsta lagi lýðræði í verkalýðshreyfingunni - barátta gegn erindrekum borgarastéttarinnar innan hennar sem lama og afvegaleiða dægurbaráttu verkalýðsins, í öðru lagi jafnrétti kynjanna - barátta gegn mismunun borgarastéttarinnar á konum og körlum í atvinnulífinu og áróðri hennar fyrir "húsmæðrahlutverkinu", í þriðja lagi réttur allra þjóða til sjálfsákvörðunar - barátta gegn þátttöku íslensku borgarastéttarinnar í kúgun á þriðja heims löndunum og þýlyndi hennar gagnvart risaveldunum, í fjórða lagi jafnrétti allra til menntunar - barátta gegn tilraunum borgarastéttarinnar til að útiloka fólk úr verkalýðsstétt frá námi (með afnámi námsstyrkja o.þ.h.) - o.s.frv., o.s.frv.

9. Það er hlutverk hins kommúníska byltingarflokks að veita verkalýðnum og allri alþýðu leiðsögn í baráttu fyrir þessum réttindamálum og gegn öllum árásum á þau, jafnt gegn beinum fasískum árásum sem lævíslegum tilraunum borgarastéttarinnar til að eyða samtakamættinum með mútugjöfum og lýðskrumi.

10. Það er mikilvægasta hlutverk kommúnistaflokksins að þróa lýðræðisbaráttu verkalýðsins og vinnandi alþýðunnar yfir í baráttu fyrir þjóðfélagsvöldum, alræði og lýðræði öreiganna. Hann verður því að brýna fyrir verkalýðnum að eina leiðin sem getur tryggt honum frelsi, lýðræði og sjálfsákvörðun í eigin málum, er leið byltingarinnar. Þannig er það skylda hvers

Framhald hinummegin.

## Greinargerð

# Um húsnæðismál

Einn stærsti útgjaldaliður íslenskra alþýðuheimila er nú sem fyrr húsnæðið. Slá má föstu, að í dag fari um helmingur dagvinnutakna verkamanns sem býr í leiguhúsnæði til greiðslu leigunnar. Hjá þeim sem eru að kaupa íbúð eða að byggja er húsnæðiskostnaðurinn jafnvel enn stærri hluti útgjaldanna. Þetta er ein orsök þess að íslenskum verkalýð hefur aldrei verið unnt að framfleyta sér af dagvinnutekjunum einum saman.

Í auðvaldsþjóðfélagi er verkamaðurinn arðrændur fyrst og framst af atvinnurekandanum. Þar að auki bíða hans kaupmaðurinn, leigusalinn og byggingarbraskarinn, allir reiðubúnir að klípa sinn hluta af launum hans. Vegna þess hve húsnæðið er stór hluti af heildarútgjöldum verkamannsins, hlýtur arðrán borgaranna á verkalýðnum að vera einna mest einmitt á því sviði.

Þetta hefur í för með sér, að baráttan fyrir hagsmunum verkalýðsstéttarinnar ásviði húsnæðismála er mjög mikilvæg. Af byltingarbaráttu alþýðunnar um allan heim má einnig sjá, að skipulagning í leigjendasamtök, hverfanefndir og hverfasamtök hefur oft haft mikla þýðingu. Nægir að benda á reynslu undanfarinna missira í Portúgal í þessu sambandi.

Sérkenni íslenska auðvaldsþjóðfélagsins á sviði húsnæðismála er mun dreifðara eignarhald á íbúðarhúsnæði en þekkist í nágrannalöndunum, þ.e. stærri hluti þjóðarinnar býr í eigin íbúðum. Þetta er atriði sem taka verður tillit til þegar hafist verður handa um stofnun leigjendasamtaka.

**Umræður fyrir II. þing KSML**

Styðja ber stofnum leigjendasamtaka sem berjast gegn leiguokri og fyrir auknu framboði á opinberu leiguhúsnæði. Slík samtök hlytu að standa í nánum tengslum við Baráttusamtök verkafólks og önnur hliðstæð samtök. Benda verður sérstaklega á, að samtök sem eingöngu miðast við leigjendur geta aldrei náð fjöldagrundvelli miðað við stöðuna í dag. Í byrjun er rétt að einbeita sér að málefnum leigjenda, en eftir að slík samtök hefðu náð ákveðinni fótfestu, yrðu þau að breikka grundvöll sinn þannig að þau tækju einnig mið af hagsmunum þess hluta verkalýðsins sem ekki eru leigjendur. Verkamenn sem eru að kaupa eigin íbúð hafa t.d. ótvíræðan hag af auknu framboði á ódýru leiguhúsnæði, þar sem slíkt minnkar þensluna á húsnæðimarkaðnum. Meðal baráttumála samtakanna gætu að auki verið krafa um að leiga verði frádráttarbær til skatts sem og um raunhæfari útreikning á vísitölu með tilliti húsnæðiskostnaðar.

## Tillaga að ályktun

Skipulögð barátta á sviði húsnæðismála er eitt af nauðsynjamálum íslensks verkalýðs í dag. Slík barátta þarf að standa í nánum tengslum við önnur svið verkalýðsbaráttunnar, einkum hina almennu kjarabaráttu.

Krefjast þarf nýrrar löggjafar um húsaleigu, sem feli í sér strangt eftirlit með starfsemi leigusala, og tryggi leigjendum öryggi gegn uppsögnum og leiguhækkunum að geðþótta leigusala. Sömuleiðis þarf eftirlit með byggingarbraski og sölu íbúðarhúsnæðis. Varðandi allt eftirlit í þessum málum skyldi varast að treysta eingöngu á árvekni yfirvalda. Allt slíkt eftirlit hlýtur að byggja í ríkum mæli á árvekni alþýðunnar sjálfrar og samtaka hennar.

Varðandi framtíðarskipan mála, er krafan um byggingu húsnæðis á félagslegum grundvelli mikilvægust. Eins og er, þá nær slík byggingarstarfsemi aðeins að fullnægja að hluta þörfum ýmissa sérhópa, svo sem einstæðra mæðra, barnmargra fjölskyldna, öryrkja og aldraðs fólks. Krefjast verður að íslensk alþýða sem heild eigi kost á húsnæði á viðráðanlegu verði, það er ein af forsendum þess að hægt sé að lifa af 40 stunda vinnuviku.

"Endanleg" lausn húsnæðisvandamálanna er óhugsandi innan ramma borgaralegsþjóðskipulags. Við kommúnistar hljótum innan samtaka alþýðunnar að vinna að vaxandi vitund um þess staðreynd. Það gerum við best með einarðri og ósérhlífni baráttu við hlið fjöldans. Þannig vinnum við í bestu samræmi við byltingarmarkmið okkar.

am/jrs/th.

STYÐJIÐ UPPBYGGINGU KOMMÚNISTAFLOKKSINS
Gefið í baráttusjóð KSML
Póstgíró 42000

## Greinargerð

# Um umhverfismál

Frá upphafi hefur maðurinn sótt allar sínar lífsnauðsynjar til náttúrunnar. Náttúran er því forsenda þess að maðurinn geti lifað lífi sínu áfram sem hingað til. Nú um nokkurt skeið hefur blasað við okkur sú hætta að náttúran verði gereyðilögð með þjösnaskap auðherranna í leit þeirra að hámarksgróða. Gríðarmörg dæmi eru til sem sanna þetta og er ofveiði síldarstofnsins við Ísland íslenskri alþýðu ábyggilega í fersku minni. En þorskstofninn er nú í engu minni hættu. Í stað þess að friða hann að talsverðu leyti eins og fiskifræðingar telja nauðsynlegt voru á síðasta ári keyptir fjölmargir nýir skuttogarar til landsins. Verkefni þeirra, svo og hinna sem fyrir eru, geta ekki orðið önnur en þau að ganga enn nær fiskistofnunum en þegar hefur verið gert. Það er alkunna að smábátaveiði hefur dregist gífurlega saman á síðastliðnum árum. Það er m.a. vegna þeirrar vítaverðu stefnu að útgerðarmenn og útgerðarfélög í Reykjavík og nágrenni fái hvern skuttogarann á fætur öðrum sem eyðileggja fiskimiðin víðs vegar kringum landið. Eigendur þessara togara hika ekki við að nota ólöglegar veiðiaðferðir og drepa smáfisk eins og mörg dæmi sanna.

Gróður landsins er í hættu vegna óskynsamlegrar notkunar. Víða eru hross og sauðfé rekin á fjall snemma vors, löngu áður en gróðurinn er orðinn nægur til að þola það. Beit hrossa á afréttum þarf að stöðva. Talið er að hvert hross éti á við 20 kindur. Það eru fyrst og fremst hross tiltölulegra fárra ríkra stórbænda sem beitt er á afrétti. Venjulegir smábændur eiga ekki veruleg stóð. Það er augljóst að þau hross, sem eru á afrétti allt sumarið, koma ekki til annars gagns en að slátra folöldum og tryppum og fá þannig kjöt sem er ódýrara en allt annað kjöt. Þannig græða stórbændurnir hundruð þúsunda og milljónir á því að ofbeita afréttinn. Einnig er nauðsynlegt að hafa eftirlit með að sauðfé sé ekki sleppt á afrétti of snemma. Ýmsir bændur hafa komið á vélvæðingu við hriðingu yfir veturinn en þegar sauðburður er kominn er of dýrt að kaupa vinnuafl til þess að þægilegt sé að gæta alls fjárins fram í miðjan júní eða lengur. Þess vegna sleppa þeir fénu á afrétti löngu áður en gróðurinn þolir. Ýmsir hafa þó gert sér grein fyrir þessu og vilja úr bæta en við rамman reip er að draga þar sem ríku bændurnir eru áhrifamiklir og vilja svo sannarlega ekki láta skerða sinn hlut.

Til þessa hefur Ísland verið það auðvaldsríki sem minnsta mengun hefur haft. Mengun af völdum iðnaðar fyrirfinnst þó víða og er það stóriðjan sem er langhættulegust. Verksmiðjur eins og Álverið, Kísiliðjan, Sementsverksmiðjan og nú síðast áformuð járnblendiverksmiðja eru reistar með það fyrir augum að græða á rekstri þeirra. Hreinsitæki, sem komið gætu í veg fyrir mengun, eru svo dýr að það borgar sig ekki fyrir eigendurna að setja þau þar sem úrgangur fer frá verksmiðjunni, annað hvort upp í loftið eða niður í jörðina. Við berjumst ekki gegn stóriðju vegna þess að hún sé stóriðja. Slík barátta er afturhaldssöm vegna þess að stóriðja er tækni nútímans. Við berjumst gegn afleiðingum hennar á umhverfi sitt, þeim afleiðingum sem gróðasjónarmið eigenda þeirra auðherranna, hafa.

Auðherrarnir tala stundum um svokallaða "hóflega" eða "skynsamlega" umhverfisvernd til að friða sál þeirra sem vilja vernda umhverfið. Setja jafnvel lög um náttúruvernd sem brotin eru þegar á þarf að halda. T.d. voru sett lög um verndun Mývatns-Laxár svæðisins og síðan á sama vori hafist handa um virkjun við Kröflu án gagngerra rannsókna á þeim náttúruspjöllum sem slík virkjun kynni að valda. Því að "skynsamleg" umhverfisvernd þýðir nákvæmlega: óskertur réttur auðherra til að ráðskast með landið.

Til er annars konar náttúruvernd sem þjónar auðherrunum. Einn hluti íslenska auðvaldsins vill gjarnan stuðla að einhverri náttúruvernd. Eigendur ferðaskrifstofa og hóteleigendur þurfa að hafa einhverja lítt skemmda og ómengaða staði til að selja útlendum auðkýfingum aðgang að. "Til að afla gjaldeyris," hljóða rökin fyrir því.

En íslenskri alþýðu hentar hvorug þessi gerð náttúruverndar. Hún þarf á öllum landsins gæðum að halda, óspilltum af hvers konar mengun og rányrkju.

-/ING

# Umræður fyrir II. þing KSML

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

## Tvær Athugasemdir

1. Tillaga að ályktun um faglegu baráttuna. Erum sammála um að verkefnið innan hinna almennu verkalýðsfélaga sé að berjast gegn uppkeyptu og mútuþægu verkalýðsforingjunum og að gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum í höndum verkalýðsins. En það er aðeins eitt hinna faglegu verkefna kommúnista. Annað jafnvægt verkefni er baráttan fyrir verkfallsrétti opinberra starfsmanna, sem er nauðsynlegt skilyrði þess, að "opinberu" félögin séu einnig gerð að faglegum baráttutækjum. Baráttan gegn uppkeyptum foringjum í þessum fagfélögum hlýtur því að vera í öðru sæti, þótt mikilvæg sé, gagnvart þessu höfuðverkefni þeirra. Þriðja verkefnið, sem ályktun kommúnista um fagleg mál verður að taka til, eru bein dægur- og kjaramál, en ekki aðeins almenn stefnumið. Án þess að telja upp alla þá kjarahagsmuni, sem nauðsynlegt er að nái fram að ganga, getum við nefnt hér nokkra: 1. Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku, 2. Fullar vísitölubætur á öll laun, 3. Atvinnurekendur úr stjórnum lífeyrissjóða, 4. Jafnrétti karla og kvenna til launa og starfs.

2. Tillaga að ályktun um landhelgismál. Erum sammála tillögunni í meginatriðum, en viljum láta það koma skýrt fram, a) að friðun og verndun fiskistofna er óframkvæmanleg í auðvaldsþjóðfélagi, svo lengi sem hún gengur á móti sókn auðvaldsins í hámarksgróða. Dæmi um þetta er ísl. síldarstofninn sem ekki var friðaður fyrr en 1971, þ.e. löngu eftir að auðvaldið var hætt að græða á veiðum á honum, og b) hagsmunir íslenskrar alþýðu í málinu eru engan veginn þjóðernislegir, heldur er útfærsla fiskveiðilögsögunnar í fyrsta lagi siðferðilegur og pólitískur stuðningur við sjálfstæðisbaráttu 3. heims landanna og baráttu þeirra fyrir auðlindum sínum, og í öðru lagi fellur hún saman við byltingarsinnaða kröfu verkalýðsins í bandalagi við vinnandi alþýðu til eignar á landinu og auðlindum þess, kröfu á hendur auðvaldinu.

-/Breiðholtssella 1

Framhald af fyrri síðu

Tillaga að ályktun

UM LÝÐRÆÐI OG ÞINGRÆÐI

kommúnista að hvetja til og taka forystu í hverri lýðréttindabaráttu alþýðunnar og sýna henni fram á, á grundvelli eigin reynslu hennar, hvernig þessi barátta lendir ávallt og ævinlega í ósættanlegri mótsögn við afturhaldseðli hins borgaralega þjóðfélags.

III

11. Kommúnistaflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi lýðræðiskrafnanna til þess að hægt sé að sameina verkalýðinn á grundvelli stéttarhagsmuna hans og alla alþýðu um verkalýðsstéttina. Þannig verður mikilvægasta skilyrðinu fullnægt fyrir pólitíska og efnahagslega valdatöku verkalýðsins og stofnun alræðis hans. Alræði verkalýðsins sem skipulagning hans í bandalagi við vinnandi alþýðu í vopnað ríkisvald til þess a) að berja niður sérhverja gagnbyltingartilraun borgarastéttarinnar og b) tryggja þannig óhindraða þróun þjóðfélagsins til jafnréttis, samvinnu og virkrar þátttöku hvers einstaklings í samfélaginu.

-/HGD, HG, ISJ, ÓHS

# Tillaga að ályktun

Öll tilvera mannsins byggist á því að hann geti útvegað sér lífsnauðsynjar sínar frá náttúrunni með einum eða öðrum hætti. Þetta felur í sér þá hættu að náttúran verði eyðilögð, þ.e. tekið meira en hún þolir. Sé þetta gert á öllum vígstöðvum hlýtur maðurinn að deyja út. En í þjóðfélagi þar sem gróðasjónarmið sitja í fyrirrúmi er augljóst að þess er ekki alltaf gætt að taka ekki meira en náttúran þolir. Allir muna eftir því hvernig fór fyrir síldinni og nú hafa íslensku auðherrarnir keypt fjölmarga skuttogara sem geta keypt fjölmarg

ara sem geta veitt miklu meira magn af þorski og ýmsum öðrum fisktegundum en fiskifræðingar telja óhætt. Nauðsynlegt er því að friða fiskistofnana að einhverju leyti. Gróðureyðing af völdum of mikillar beitar er víða um land, sérstaklega þar sem hross eru til staðar. Til eru bændur sem eiga tugi og jafnvel hundruð hrossa. Mengun af völdum stóriðju og annars iðnaðar er ekki mikil hérlendis ennþá. Slík mengun er einkum með tvennu móti: landspjöll og iðnaðarmengun. Iðnaðarmengun er fyrir hendi frá ýmsum verksmiðjum eins og t.d. Álverinu og Kísiliðjunni við Mývatn. Hægt er að koma í veg fyrir hana með hreinsitækjum en þau eru dýr og eru ekki í samræmi við gróðahagsmuni verksmiðjueigendanna.

Þess hefur lítið verið gætt að viðhalda fögrum og rólegum stöðum til þess að fólk geti komist úr borgum og bæjum og hvílt sig þar, utan við borgarysinn. Nokkrir auðherrar hafa að vísu tekið upp baráttu fyrir náttúruvernd í þeim tilgangi að selja útlendum auðkýfingum aðgang að. En slík náttúruvernd þjónar ekki hagsmunum íslenskrar alþýðu. Hún þarf á landinu og landgrunninu öllu að halda, óspilltu af hvers konar mengun og rányrkju.

-/Akureyrardeild KSML